

SIGURÐUR ELÍ

Ætlar að verða lögga á bíl og mótörhjól

• Börn • Bílar • Nám

allt í MIÐJU BLAÐSINS



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

Félagsskapur skiptir máli

Sérblað um stangveiði

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Sundbæklingur
Símanns og SSÍ fylgir
Fréttablaðinu í dag



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. júní 2007 – 151. tölublað – 7. árgangur


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Tímaleysi er takmarkið


Franska hljómsveitin Air heldur tónleika í Laugardalshöll 19. júní. Fréttablaðið ræddi við annan helming sveitarinnar.



FÓLK 26

Selma leikstýrir Gosa

Borgarleikhúsið mun sýna Gosa á fjöllum sínum í haust. Selma Björnsdóttir verður leikstjóri en ekki er enn ljóst hver hreppir hlutverk söguhetjunnar.



FÓLK 34

Átta ríkisprestar kæra

„Ég hef í anda Lúters barist fyrir að komið verði á jafnræði trúfélaga og að samkynhneigðir megi njóta sömu réttinda og aðrir innan kirkjunnar,“ segir séra Hjörtur Magni Jóhannsson.

Í DAG 16

Erfitt verkefni

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir geysisterku liði Þjóðverja í íþróttahúsi Fram í kvöld og svo aftur á föstudag.

ÍÞRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI NORÐAN OG AUSTAN

- Í dag verða suðaustan 8-13 m/s sunnan og vestan til, annars hægari. Léttskýjað norðan og austan til en skúraveður á landinu sunnan- og vestanverðu. Hiti 10-20 stig, hlýjast norðaustan til.

Orkusala á fjórða tug milljarða

Orkuveita Reykjavíkur hefur skuldbundið sig til þess að útvega fyrirhuguðu álveri Norðuráls í Helguvík 100 megavött af rafmagni í 25 ár. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna samþykktu ekki samninginn.

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur og Norðurál hafa náð samningum um orkusöluverð vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Með samningnum skuldbindur Orkuveitan sig til þess að útvega álverinu í Helguvík 100 megavött af rafmagni í 25 ár, með möguleika á tíu ára framlengingu.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, staðfesti að söluverðmæti orkunnar væri á fjórða tug milljarða króna en kostnaður Orkuveitunnar væri tæpir fimmtán milljarðar.

Hitaveita Suðurnesja mun

útvega álverinu 60 prósent orkunnar, samkvæmt áætlunum, en hluti Orkuveitunnar er um 40 prósent.

Í samningnum er ákvæði um viðbótarsölu á 75 megavöttum fyrir árið 2015 auk viljayfirlýsingar um útvegum 75 megavatta að auki.

Gengið var frá samþykkt samningsins á stjórnarfundum Orkuveitunnar á mánudag en áður höfðu Norðurál og Orkuveitan undirritað viljayfirlýsingu sem skrifað var undir 1. júní í fyrra.

Umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda Norðuráls og

Orkuveitunnar stendur yfir en samkvæmt áætlunum verður allri raforku aflað með Nesjavallavirkjun og Helliðsvæðinu og skuldbindur Orkuveitan sig til þess að afhenda Norðuráli rafmagn um áramótin 2010-2011.

Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitunnar, samþykkti ekki samninginn fyrir sitt leyti líkt og Svandís Svavarsdóttir fulltrúi Vinstri grænna. „Við höfum frá upphafi haft efasemdir um að það væri skynsamlegt fyrir Orkuveituna að selja bæði orku til álversins í

Straumsvík og Helguvík, vegna þess að þá er verið að fullnýta virkjunarkostina sem Orkuveitan hefur í hendi.“

Guðmundur segir samninginn vera mikilvægan til framtíðar litid. „Það hefur legið fyrir viljayfirlýsingu í nokkurn tíma og samningurinn byggir á henni. Það er alltaf ánægjulegt að ljúka svona ferli og orkuverðið er ásættanlegt.“

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra var ekki tilbúin til þess að tjá sig um málið þegar leitað var til hennar.

mh / sjá síðu 6



ERFITT VERKEFNI Í KVÖLD Íslenska landsliðið sést hér á æfingu í blíðviðrinu í Stokkhólmi í gær. Lengst til vinstri er fyrirliðinn Brynjar Björn Gunnarsson en hann þarf að hvetja félagana sína í kvöld. Jafneflið gegn Liechtenstein á laugardag var áfall fyrir liðið sem ætlar sér að gera betur nú gegn geysisterku sænsku liði.

NORDIC PHOTOS/APP

Bankaráð Seðlabankans vill halda launabili milli bankastjóra og næstráðenda:

Seðlabankastjórar fá 200 þúsund

KJARAMÁL Bankaráð Seðlabankans ákvað á fimmtudag að hækka laun seðlabankastjóra um 200 þúsund krónur á mánuði. Launin hækka strax um 100 þúsund krónur og aftur um 100 þúsund í árslok.

Eftir hækkunina verða föst mánaðarlaun seðlabankastjóranna um 1400 þúsund krónur.

Launahækkunin var samþykkt að tillögu Helga S. Guðmundssonar, formanns bankaráðs. Þegar rætt var við Helga í gærkvöldi sagðist hann ekki vilja svara því í síma af hverju laun bankastjór-

anna voru hækkuð. Fréttablaðið yrði að senda honum skriflegar spurningar með pósti til bankans. Aðrir bankaráðsmenn sem rætt var við sögðu það hafa verið ákveðið að Helgi myndi fyrstur svara spurningum um málið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru bankastjórallaunin hækkuð með vísan í launaþróun hjá íslensku viðskiptaböndkunum og harðnandi samkeppni um starfsmenn. Af þeim sökum hafi bankastjórnir nýlega hækkað laun nokkurra háttsettra undir-

manna. Þá hafi verið komin upp sú staða að laun þessa hóps væru orðin nokkuð nærri bankastjórallauninum. Það hafi síðan leitt til þess að bankaráðið ákvað að hækka laun bankastjóranna sjálfra. Í lok sumars árið 2005 voru laun bankastjóranna hækkuð um 27 prósent, meðal annars til þess að viðhalda launabili milli bankastjóranna og millistjórnendanna.

Einn sjö bankaráðsmanna í Seðlabankanum, Ragnar Arnalds, greiddi atkvæði gegn launahækkun bankastjóranna.

- gar

Ísland mætir Svíum í kvöld: Rífa strákarnir sig upp?

FÓTBOLTI Svíar halda upp á Þjóðháttíðardag sinn með því að mæta Íslandi í knattspyrnulandsleik í kvöld.

Mikil pressa er á Eyjólfri Sverrisyni landsliðsþjálfara og strákunum hans fyrir leikinn enda fékk liðið og þjálfarinn harða gagnrýni eftir leikinn gegn Liechtenstein.

Eyjólfur var dulur á blaðamannafundi í gær og vildi ekkert gefa upp um mögulega taktík íslenska liðsins. Æfing liðsins fór síðan fram fyrir luktum dýrum.

„Ég er að skoða mögulegar leikaðferðir og vil ekki ekkert gefa upp hvað ég ætla að gera á þessari stundu,“ sagði Eyjólfur á blaðamannafundi í Stokkhólmi í gær.

„Ég reikna engu að síður með að breyta leikaðferðinni því meginmarkmið okkar í þessum leik verður að berjast og beita skyndisóknum. Það skiptir gríðarlega miklu máli að byrja leikinn vel og fara inn í hann af mikilli ákefð en það vantaði í síðasta leik hjá okkur.“

Leikurinn hefst klukkan 18.15 og er í beinni útsendingu á Sýn.

- hbg / nánar á síðu 30

Allir í sund 9. júní!

3 dagar til stefnu

ENNEAM / SIA / INK2746

Síminn



SHIMANO
hjóla
EXAGE

Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

SPURNING DAGSINS



Ari, mun Egill þurfa að yrkja Höfuðlausn?

„Góð hugmynd, hún þyrfti ekki einu sinni að vera í drápuformi.“

365 miðlar hafa farið þess á leit að Egill Helgason fjölmiðlamaður fni ráðningarsamning sinn við fyrirtækið, en hann hyggst sýðla um og hefja störf á RÚV. Ari Edwald er forstjóri 365 miðla.

Basknesk aðskilnaðarsamtök:

ETA aflýsir vopnahléinu

SPÁNN, AP Basknesku aðskilnaðarsamtökin ETA á Spáni lýstu því yfir í gær að vopnahléinu sem komið var á fyrir ári væri aflýst.

Í yfirlýsingunni, sem birtist í tveimur baskneskum dagblöðum, stóð að vopnahléinu lyki á miðnætti og samfélag Baska yrði varið með öllum tiltækum ráðum.

Ríkisstjórninni væri um misheppnað friðarferli að kenna. Endalok vopnahlésins vofðu yfir í lok síðasta árs þegar samtökin sprengdu bílastæðahús við flugvöll í Madrid. Tvennt fórst í árásinni.

Ágreiningur ETA við stjórnvöld hefur staðið í um fjórutíu ár og valdið dauða yfir 800 manns.

- sgi

Hagur aldraðra bættur:

Atvinnutekjur sjötugra og eldri skerðist ekki

STJÓRN MÁL Skerðingar í almannatryggingakerfinu ná ekki til atvinnutekna sjötíu ára og eldri, verði nýtt frumvarp ríkisstjórnarinnar að lögum.

Frumvarpið er í samræmi við stjórnarsáttmála Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks og segir Geir H. Haarde forsætisráðherra það fyrsta útspil stjórnarinnar í átt til þess að bæta hag eldri borgara.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að breytingin taki gildi frá og með 1. júlí.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir lagabreytinguna til þess fallna að nýta enn frekar þá auðlind sem felst í eldra fólki á vinnumarkaði.

- bps

Bílastæðahús á Skólavörðuholti á vegum borgarinnar en ekki lönskólans:

Skoða aðra aðkomu að bílahúsi

SKIPULAGSMÁL „Þetta bílastæðahús er algerlega ótengt byggingaáformum lönskólans,“ segir Baldur Gíslason, skólastjóri lönskólans í Reykjavík, um bílastæðahús sem gert er ráð fyrir að verði milli skólans og Hallgrímskirkju.

Foreldrar barna í Austurbæjar-skóla lýsa áhyggjum vegna bílastæðahússins, ekki síst vegna þess að umferð að bílastæðahúsinu muni ógna öryggi barnanna.

Unnið hefur verið að því í nokkurn tíma að skipuleggja viðbyggingar fyrir lönskólann. „Það sem á að byggja fyrir okkur eru 2.500 fermetrar sem allt saman er skólahúsnæði. Ég hafði ekki einu sinni

hugmynd um að þetta bílastæðahús væri í farvatninu,“ segir Baldur.

Jóhannes S. Kjarval, sem hefur umsjón með skipulagi miðbæjarinnar fyrir Reykjavíkurborg, segir hugmynd um bílastæðahús neðanjarðar á þessum stað hafa verið lengi til skoðunar. Um sé að ræða ómótaða hugmynd sem sett hafi verið fram í kynningu á fyrirhuguðu deiliskipulagi svæðisins. Málið sé því enn á umræðustigi og alls ekki komið að framkvæmdum: „En skiljanlega eru menn bangnir við aukna umferð og auðvitað munum við skoða aðra valkosti með aðkomu að þessu húsi.“

- gar



MÓTMÆLI Foreldrar barna í Austurbæjar-skóla eru ósáttir við að ekið verði að nýju bílastæðahúsi frá Vitastíg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögreglan rannsakar starfsemi Goldfinger

Ásakanir um að starfsemi súlustaðarins Goldfinger sé ólögleg eru til rannsóknar hjá lögreglu. Sérstaklega er skoðað hvort ferðafrelsi kvennanna sé skert með ólögmatum hætti. Reglur settar til þess að vernda konurnar, segir Ásgeir Þór Davíðsson.

LÖGREGLUMÁL Lögregla höfuðborgarsvæðisins er byrjuð að rannsaka súlustaðinn Goldfinger og hvort ásakanir um meint lögbrot í tengslum við starfsemi á staðnum eigi við rök að stýðjast. Þetta staðfesti Friðrik Smári Björgvinsson hjá rannsóknardeild lögreglunnar í gær en rannsóknin er á frumstigi og miðast við að taka starfsemi staðarins út.

Meðal þess sem verður skoðað er hvort brotið sé gegn ferðafrelsi kvennanna sem starfa á staðnum en samkvæmt settum reglum Ásgeirs Þórs Davíðssonar, eiganda Goldfinger, er ætlast til þess að stúlkurnar fari ekki út af heimili sínu átta tímum eftir að vinnu þeirra lýkur. „Reglan er sú að stúlkurnar eru sóttar og keyrðar í vinnuna. Síðan eru þær keyrðar heim aftur eftir vinnu og þá bið ég þær um að vera ekkert að þvælast næstu átta klukkutímum eftir að þær eru komnar heim. Hitt er svo annað mál að margar þessara kvenna eiga kærasta, eða fjölskyldu, og ég skipti mér því ekkert mikið af þessu,“ segir Ásgeir Þór. Þetta segir hann gert til þess að vernda konurnar, sem verði oftast en ekki fyrir miklu áreiti. „Það eru oft einhverjir karlar sem reyna allt til þess að komast í samband við konurnar eftir vinnu og það er nauðsynlegt þeirra vegna að vernda þær með þessum hætti.“ Engir skriflegir samningar eru til um þetta milli Ásgeirs Þórs og kvennanna sem vinna hjá honum heldur er um munnlegt samkomulag að ræða.

Í nýjasta tölublaði tímaritsins



GOLDFINGER Súlustaðurinn Goldfinger hefur verið mikið í umræðunni upp á síðkastið eftir að tímaritið Ísafold fjallaði ítarlega um starfsemi staðarins, meðal annars með viðtölum við konur sem vinna á staðnum. Lögreglan hefur ákveðið að rannsaka starfsemi þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁSGEIR ÞÓR DAVÍÐSSON

Segist ekkert hafa að fela.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Ísafoldar er fjallað ítarlega um starfsemi staðarins og kemur þar meðal annars fram að konurnar sem þar vinna komi oftast en ekki hingað á fólkskum forsendum, tengdum mansali, og réttindi þeirra séu fótum troðin með ýmsum hætti.

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, sagði frá því í þættinum Íslandi í dag á Stöð 2 á mánuðagskvöld að lögreglan þyrfti að hafa frumkvæði að rannsökn á málinu þar sem starfsmenn á súlustöðum ættu það

á hættu að verða fyrir hefndaraðgerðum ef þeir kvörtuðu of mikið.

Ásgeir Þór segist ekki beita starfsmenn á staðnum þrýstingi af neinu tagi en segir allar ásakanir um lögbrot á Goldfinger komnar frá manni sem hann hefði sagt upp sem dyraverði á Goldfinger. „Þessi maður, sem ég vil nú ekkert vera að nafngreina, hefur ítrekað reynt að koma á mig óorði og þetta er allt bull og þvæla. Ég hef ekkert að fela. Ég býð lögregluna bara velkomna hingað þegar hún vill.“

magnush@frettabladid.is

Töskupjófur gengur laus:

Rænd um hábjartan dag

LÖGREGLUMÁL Roskin kona varð fyrir þeirri ómurlegu reynslu um miðjan dag í gær að vera rænd þar sem hún var á gangi eftir Baldursgötu. Ungur karlmaður vatt sér að konunni, hrifsaði af henni veskið og lagði þegar á flóttu.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar var þjófurinn enn ófundinn í gærkvöld. Konan gat gefið lýsingu á manningnum. Hann var klæddur í gráa hettupeysu, var í dökkum jakka og bláum gallabuxum. Hann er um 170 sentimetrar á hæð og talinn vera á aldrinum tuttugu til tuttugu og fimm ára.

- libb

lðnaður á Reykólum:

Þörungavinnsla skilar hagnaði

IBNAÐUR Þörungaverksmiðjan á Reykhólum skilaði eigendum sínum 11,1 milljóna króna hagnaði af rekstri ársins 2006. Að því er kemur fram á vefsetri Reykhólahrepps stendur til á næstu einu til tveimur árum að endurnýja skip verksmiðjunnar. Núverandi skip, Karlsey, sé gamalt og lúíð. Starfsmenn fyrirtækisins í fyrra voru um 25. Þörungaverksmiðjan sérhæfir sig í framleiðslu mjöls úr klöþangi og hrossapara. Tveir eigendur eiga samtals 99 prósent í Þörungaverksmiðjunni. Skoska fyrirtækið International Specialty Products á 77 prósent og Bygðastofnun 22 prósent.

- gar

Nýr Frakklandsforseti:

Leggur áherslu á loftslagsmál

FRÁKKLAND, AP Nýkjörinn forseti Frakklands, Nicolas Sarkozy, segist munu krefja Bandaríkjustjórn um nákvæma áætlun í loftslagsmálum á fundi átta stærstu iðnríkja heims í vikunni.

NICOLAS SARKOZY

Forsetinn segir að auk loftslagsmála muni hann setja baráttuna gegn fátækt í Afríku á oddinn á G-8 fundinum. Fundurinn hefst í dag í smábænum Heiligendam í Þýskalandi.

„Stórþjóð eins og Bandaríkin ber skylda til að hefta ekki baráttuna gegn gróðurhúsaáhrifum, heldur þvert á móti leiða hana,“ sagði Sarkozy í siguræðu sinni að loknum forsetakosningunum 6. maí.

- sgi

BÍLL DAGSINS

NISSAN PATHFINDER LE IT 32"

Nýskr. 05.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 36 þús. km.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Fyrirverandi ráðgjafi varaforseta Bandaríkjanna hlaut dóm fyrir meinsæri:

Fær tveggja og hálfis árs dóm

BANDARÍKIN, AP Lewis „Scooter“ Libby, fyrirverandi ráðgjafi Dicks Cheney, varaforseta Bandaríkjanna, var í gær dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir meinsæri og hindrun á framgangi réttvinnar.

Libby var sakfelldur í mars fyrir að ljúga að rannsóknarlögreglumönnum um hvað hann sagði blaðamönnum um CIA-njósnaðarann Valerie Plame.

Nafni hennar var lekið til fjölmiðla árið 2003 í hefndarskyni fyrir gagnrýni eiginmanns hennar á innrásina í Írak. Enginn hefur verið ákærður fyrir lekann sjálfan.

Lögmenn Libbys báðu dómara að hafa í huga störf hans fyrir ríkisstjórnina og þátttöku hans í að binda enda á Kalda stríðið og Persaflóastríðið. Von-

uðust þeir til að hann slyppi við fangelsisvist.

„Fólk sem gegnir stöðum þar sem þarf að hafa velferð og öryggi þjóðarinnar í öndvegi hefur sérstaka skyldu til að halda sig á mottunni,“ sagði dómariinn sem kvað upp refsinguna.

Libby er hæst setti bandaríski embættismaðurinn til að hljóta dóm fyrir glæp síðan um miðjan níunda áratuginn. Hann heldur fram sakleysi sínu og hyggst áfrýja sakfellingunni.

George Bush Bandaríkjaforseti sagðist vorkenna fjölskyldu Libbys vegna málsins.

- sgi

LEWIS LIBBY Dómariinn sagðist þurfa að sýna að tekið væri af hörku á glæpum í opinberu starfi.

NORDICPHOTOS/AFP



Veðurspá Iceland Express: Sól, sól og meiri sól!

Ísland



Gott veður á góðu verði!

» Það hefur ekki farið framhjá neinum að sumarblíðan lætur á sér standa á Íslandi. Þess vegna er tilvalið að drífa sig út í blíðuna til einhvers af 13 áfangastöðum Iceland Express á verði sem yljár!

Bókaðu gott veður á góðu verði, skelltu þér inn á www.icelandexpress.is

**FJÖLDI
FLUGSÆTA
Á FRÁBÆRU
VERÐI!**

» VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

» BÖRN:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

» www.icelandexpress.is

Iceland Express

GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	62,68	62,98
	Sterlingspund	124,95	125,55
	Evra	84,69	85,17
	Dönsk króna	11,368	11,434
	Norsk króna	10,475	10,537
	Sænsk króna	9,081	9,135
	Japanskt jen	0,5147	0,5177

GENGISVÍSITALA KRÓNNUNNAR	
SDR	95,06 95,62
115,0122	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Dómur kveðinn upp í máli fjögurra pilta í Héraðsdómi Reykjavíkur:

Sýknaðir af hópnauðgun

DÓMSMÁL Fjórir unglingspiltar voru í gær sýknaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur af ákæru um hópnauðgun. Þeir voru ákærðir fyrir að hafa sameiginlega þröngvað stúlku, sem þá var fjórtán ára, til kynferðismaka við sérhvern þeirra, ýmist einn eða fleiri í einu. Stúlkan sem um ræðir kom í samkvæmi aðfaranótt laugardags í nóvember 2005 þar sem piltarnir voru fyrir. Fram kemur að hún hafi sjálf keypt sér „landa“ og að „einhver gaur“ sem hún kvaðst ekki þekkja hefði gefið henni amfetamín. Piltarnir báru allir fyrir dómi að kynlífsathafnir hefðu átt sér stað,

en þeir hefðu ekki þröngvað stúlku niðri til samræðis né notfært sér það ástand sem hún var í vegna neyslu áfengis og vímuefna. Hún hefði ekki mótmælt kynlífsathöfnunum sem þeir greindu frá að fram hefðu farið í samkvæminu, og haft frumkvæði að sumum þeirra. Við skoðun á neyðarmótöku Landspítala fundust engir áverkarnir á stúlkunni. Í dómnum segir enn fremur að frásögn stúlkunnar sé afar reikul og gloppött. Piltarnir hafi hins vegar verið stöðugir í framburði sínum og sumir þeirra hafi viðurkennt fleiri kynlífsathafnir en stúlkan hafði gert grein fyrir. -jss



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Piltarnir voru stöðugir í framburði sínum en frásögn stúlkunnar reikul og gloppött.

15 ára piltur áfram í gæslu: Höfuðkúpubraut leigubílstjóra

DÓMSMÁL Fimmtán ára piltur hefur verið dæmdur í áframhaldandi gæsluvarðhald í Hæstarétti, grunaður um að hafa höfuðkúpubrotið leigubílstjóra með hamri. Árásin átti sér stað aðfaranótt 27. apríl. Leigubílstjórinn tók tvo pilta upp í bílinn í Lækjargötu. Þegar á áfangastað kom ber annar pilturinn að hinni hafi tekið upp hamar, barið leigubílstjóraninn í tvígang í höfuðið og óskrað á hann að láta þá fá peningana sem hann var með á sér. Árásarmaðurinn hefur viðurkennt verknáðinn. Leigubílstjórinn hlaut innkylt höfuðkúpubrot og innvortis blæðingu á höfði. -jss

Hrekjabragð vina: Hótuðu saklausum Dana dauða

DANMÖRK Alsaklaus og grunlaus Dani fékk fjölda morðhótana í sms-skeytum um helgina fyrir að hafa ráðið á dómara í landsleik Dana og Svía í fótbolta. Frá þessu er greint á vefsíðu Ekstra Bladet. Leikurinn var í kjölfarið flautaður af.

Tveir vinir hans hafa nú viðurkennt að hafa logið því að hann hafi verið sá sem réðst á dómarrann og bent fjölda manns á símanúmerið hans. Þeir bjuggust þó ekki við þessum viðbrögðum, en eigandi símans þurfti lögregluvernd vegna morðhótananna. -sji

Dæmdir fyrir meidyrdi í DV: Fyrirum ritstjórn DV dæmdir

DÓMSMÁL Fyrirverandi ritstjórn DV, Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinnsson, hafa verið dæmdir til að greiða Geir Hlödver Ericssyni hálfu milljón króna í bætur fyrir meidyrdi. Þá eru dæmd dauð og ómerk ummæli um Geir í DV frá því í apríl í fyrra, þar sem Geir er sagður „góðkunnungi lögreglunnar“, „þjóðdalýður“ og „náinn samverkamaður“ þekktra fikniefnasmyglara. Tveir blaðamenn sem voru aðalstefndu í málinu voru hins vegar sýknaðir þar sem fréttirnar voru ekki merktar þeim með fullu nafni. Þó voru netföng þeirra undir fréttunum og þeir viðurkenndu að hafa skrifað þær. -sh

ÁRÉTTING

Í frétt í Fréttablaðinu í gær um dóm yfir ungum manni sem tekinn var með e-töflur segir að hann hafi leikið með körfuknattleikslíði Njarðvíkur en verið meinað að leika með líðinu eftir að málið kom upp. Þetta kemur fram í dómnum en er rangt. Hið rétta er að hann var ári áður úrskurdaður í tveggja ára keppnisbann vegna lyfanotkunar og lék því ekki með líðinu þegar málið kom upp.

Biðlistarnir á BUGL styttir þegar í stað

Það er forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar að vinna á biðlistum barna og ungmenna sem biða greiningar hjá Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala. Um 170 börn biðu þjónustu deildarinnar í síðasta mánuði og hafa þau aldrei verið fleiri.

STJÓRNMÁL Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar til að styrkja stöðu barna og ungmenna er lögð höfuðáhersla á að vinna á biðlistum barna og ungmenna sem biða eftir greiningu hjá Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þegar í stað á að grípa til aðgerða til að vinna á biðlistunum.

MEGINATRIÐI AÐGERÐARÁÆTLUNAR

- Unnið verður á biðlistum á BUGL og GRR.
- Aukin verður fjölbreytni í meðferðarrúðum fyrir börn með hegðunar- og vímuefnavanda.
- Fæðingarorlof lengt í áföngum.
- Stuðningur við langveik börn, börn með hegðunvandamál, geðraskanir og þroskafrávik aukinn.
- Sérstaklega verður hugað að stuðningi við börn innflytjenda í skólakerfinu.
- Forvarnarstarf gegn kynferðislegu ofbeldi verður eflit og stuðningur veittur við fjölskyldur ungmenna sem eiga í vanda vegna vímuefnaneyslu.
- Barnabætur til tekjulágra fjölskyldna verða hækkaðar.
- Ríkið tekur meiri þátt í kostnaði vegna tannlækninga.
- Framhaldsskólanemar fá stuðning til kaupá námsgögnum.
- Bæta á aðgengi barna og ungmenna að íþróttum og félagsstarfi.
- Móta á tillögur til að samræma vinnu og fjölskylduþrygð. Gert er ráð fyrir að vinnutími styttist og verði sveigjanlegri.

Jóhanna sagði efnahagsaðstæður stjórna nokkru um í hve mikið yrði ráðist en þó væri lagt upp með að aðgerðirnar kæmu allar til framkvæmda á kjörtímabilinu.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra sagði verkefnið stór og metnaðarfullt markmið að vinna að þeim. Það væri þó ekki einfalt verk og meðal annars þyrfti að horfa til kjaramála. Í aðgerðaráætluninni segir að á samráðsvertvangi ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins skuli móta tillögur til að samræma vinnu og fjölskylduþrygð og þjónustu við barnafjölskyldur. Er gert ráð fyrir að tillögurnar verði meðal annars styttri og sveigjanlegri vinnutíma og hvernig tryggja megi að foreldrar geti betur sinnt börnum sínum vegna veikinda eða fötlunar. Þá á að skipa nefnd til að fjalla um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra. bjorn@frettabladid.is



AÐGERÐARÁÆTLUNIN KYNNT Heilbrigðis- og félagsmálaráðherra kynntu áætlarnir í málefnum barna og ungmenna í gær ásamt utanríkis- og forsætisráðherra.

Óhapp á Miklubraut í gær: Keyrði niður gönguljós

LÖGREGLUMÁL Óhapp varð við gönguljós í Miklubraut við Skaftahlíð í gær þegar ökumaður ók á gönguljósastaur og grindverk. Ekki urðu slys á vegfarendum eða ökuamanni. Í kjölfarið urðu umferðarljós við Lönguhlíð og Miklubraut óvirk í eina og hálfu klukkustund. Miklar tafir urðu á umferð á meðan viðgerð stóð yfir. Ökumaður bílsins, sem er á þritugsaldri, er grunaður um að hafa keyrt undir áhrifum fikniefna en hann hefur margoft komið við sögu lögreglu áður. -lbb

Íkveikja í Vestmannaeyjum: Kveikt í þjóðhátíðarbúnaði

LÖGREGLUMÁL Tilkynnt var um eld í búnaði þjóðhátíðarnefndar í Vestmannaeyjum á sunnudagskvöld. Búnaðurinn er geymdur á svæði þjónustumiðstöðvar bæjarins. Talið er að kveikt hafi verið í vörubrettum og eldur þannig komist í þjóðhátíðarbúnaðinn. Lögreglan segir rannsókn málsins vera í fullum gangi. Talið er að unglingar hafi verið að verki. -lbb

FÁÐU SMÁ SUMAR Í KRÖPPINN

EGILS
APPELSÍN
LIMÓNÁÐI

SUMARUPPBÓTIN ÞÍN

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Hæg suðlæg átt.

» föstudagur

3-8 m/s

Stað	Veður	Temperatur	Stað	Veður	Temperatur	Stað	Veður	Temperatur
Kaupmannahöfn	hálskýjað	23°C	London	hálskýjað	20°C	Alicante	léttskýjað	25°C
Billund	skýjað	24°C	Paris	skúr	26°C	Mallorca	léttskýjað	25°C
Osló	léttskýjað	25°C	Frankfurt	léttskýjað	27°C	Basel	skýjað	26°C
Stokkhólmur	léttskýjað	21°C	Friedrichshafen	léttskýjað	25°C	Eindhoven	hálskýjað	24°C
Gautaborg	heiðskirt	25°C	Berlin	léttskýjað	29°C	Las Palmas	léttskýjað	21°C


* Vinndraði er í metrum á sekúndu.

MITSUBISHI L-200 ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFUR JEPPI Á FRÁBÆRU VERÐI

2.990.000 kr.

Veglegur aukahlutapakki innifalinn:

Álfelgur · 32" dekk · Klæðning í palli · Dráttarbeisli



Virkur þátttakandi

Mitsubishi L200 er fjölhæfur ferðafélagi sem er meira en til í að taka þátt í öllum áhugamálum fjölskyldunnar.

Mikilvægir eiginleikar

Minnsti beygjuradíus sambærilegra bíla · 2.800 kg dráttargeta · Opnanleg afturrúða · Super select II drifbúnaður – sá sami og í Pajero · Spyrnustýring og spólvörn

Komdu og reynsluaktu



KJÖRKASSINN



Finnst þér í lagi að íþrótta-hreyfingar bjóði upp á áfengi í Laugardalshöllinni?

Já	40,5%
Nei	59,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú í laxveiði í sumar?

segðu þína skoðun á visir.is



Skiptar skoðanir bæði meðal Palestínnumanna og Ísraela um hernámið:

Fjörutíu ára hernáms minnst

PALESTÍNA, AP Bæði Palestínnumenn og Ísraelar minnst þess með ólíkum hætti að 40 ár eru liðin frá sex daga stríðinu árið 1967, þegar Ísraelar unnu óvæntan sigur á arabaríkjum og hertóku Vesturbakkann, Gazaströnd og austurhluta Jerúsalemborgar.

Margir Ísraelar sjá enn ástæðu til að fagna fræknunum sigri, en bæði Palestínnumönnum og alþjóðlegum mannréttindasamtökum ber saman um að herstjórn Ísraela yfir Palestínnumönnum hafi aldrei verið harðari en nú, fjörutíu árum eftir hernámið.

Saeb Erekat, sem hefur verið aðalsamningafultrúi Palestínnumanna í viðræðum við Ísraela, var tólf ára þegar Ísraelar hertóku Jeríkó, heimaborg hans, en nú í



PALESTÍNNUMAÐUR ÆPIR Á ÍSRAELSKAN HERMANN Hópur Palestínnumanna kom saman í gær í bænum Nablus á Vesturbakkannum til að mótmæla hernámi Ísraela.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sumar ætla tvær dætur hans að ganga í hjónaband. „Þetta ætti ekki að líða. Fjörutíu ára hernám og ofbeldi er nóg.“

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, sá hins vegar í sjónvarpsávarpi ástæðu til að beina athyglinni að innbyrðis átökum Palestínnumanna, sem hafa verið svo hörð að „jaðrar við borgarastrið“. Hann sagði hættuna af innbyrðis átökum nú vera jafn mikla og hættuna sem Palestínnumönnum stafar af hernámi Ísraela.

Abbas sagðist jafnframt ætla að hvetja Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraela, að hefja viðræður um endanlegan friðarsamning. - gb

Unglingar í Austurríki:

Mega kjósa við sextán ára aldur

AUSTURRÍKI, AP Kosningaaldur í þingkosningum í Austurríki hefur verið lækkaður niður í 16 ár. Austurríska þingið samþykkti lög þess efnis í gær.

Hvergi annars staðar í ríkjum Evrópusambandsins er kosningaaldur jafn lágur. Fjórir af fimm stjórnmaðlaflokkum þingsins studdu tillöguna, en í henni fólst einnig lenging kjörtímabilsins í fimm ár. Einungis hægrissinnaði Frelsisflokkurinn var á móti.

Meðal þeirra þjóða sem leyfa 16 ára unglingum að kjósa eru Brasilía, Kúba, Níkaragva og eyjan Mön við Bretlandseyjar.

-sgj



HEKLA er umboðsaðili Perkins á Íslandi

Veldu aðeins viðurkennda varahluti



HEKLA VÉLASVIÐ | Klöttagörum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími 590 5100 | www.hekla.is/velasvid

Segja stóriðjustefnuna geysast áfram

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir stóriðjustefnuna augljóslega eiga að halda áfram á „fullri ferð“. Stefna ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum gæti reynt á stjórnarsamstarfið, segir Guðni Ágústsson.

ORKUMÁL „Stóriðjustefnan geysist hér áfram á fullri ferð eins og ég því miður óttaðist, úr því þessir flokkar tóku saman höndum í ríkisstjórn,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann segir samning Orkuveitunnar við Norðurál ekki koma á óvart og greinilegt sé að pólitískur vilji til þess að stoppa stóriðjuframskræmdir sé ekki fyrir hendi. „Þetta lofar því miður ekki góðu um framhaldið. Ég get ekki sagt að þetta komi neitt sérstaklega óvart þar sem nýtilkominn áhugi Samfylkingarinnar á umhverfismálum var jafn fljótur að gufa upp eins og hann var fljótur að myndast.“

Hitaveita Suðurnesja hefur þegar skuldbundið sig til þess að útvega 60 prósent af raforkunni fyrir álver í Helgúvík en gengið var frá þeim samningi í apríl síðastliðnum. Norðurál hefur því tryggt sér nægilega orku til þess að nýta fyrir álverið í Helgúvík þar sem Orkuveitan skuldbindur sig til þess að útvega 40 prósent.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, segir málið hafa fengið faglega umfjöllun innan stjórnarinnar þó einhugur hafi ekki verið um samninginn.

Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitunnar, segir fyrirtækið „spenna bogann of hátt“ með þessum samningi þar sem ekki væru enn komin fram svör um hvort fyrirtækið þyrfti að útvega Alcan 200 megavött af raforku, og auk þess hefðu fulltrúar stórra tæknifyrirtækja sýnt því áhuga að reisa hér net-



VIRKJANAFRAMKVÆMDIR Orkuveitan aflar orku fyrir fyrirhugað álver í Helgúvík með virkjunum á Hengillssvæðinu. Tveir stjórnarmenn af fimm greiddu atkvæði gegn samningnum, þau Dagur B. Eggertsson og Svandís Svavarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þjónabú sem þyrftu mikla orku. „Ég tel Orkuveituna vera að þenja sig of mikið með þessum áætlunum. Það liggja fyrir ýmsir möguleikar á því að nýta orkuna, meðal annars fyrir netþjónabú tölvufyrirtækja, og þá möguleika þarf að skoða betur að mínu mati áður en orkuauðlindunum er ráðstafað.“

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, telur vis-

endingar vera uppi um að Samfylkingin sé ósamstiga í þessu máli eins og mörgum öðrum. „Samfylkingin vildi fresta stóriðjuframskræmdum í fimm ár og kom ítrekað fram með þá sýn fyrir kosningar. Nú virðist sú krafa ekki vera fyrir hendi og ef fram heldur sem horfir þá gætu stóriðjumálin reynt á ríkisstjórnina.“

magnush@frettabladid.is

Ágætu viðskiptavinir,
kynnið ykkur sumartíma
og breyttar leiðir
strætó á heimasíðu og
í upplýsingasíma

straeto.is
s: 540 2700

Strætó bs.



FORMAÐUR VEIÐIR Bjarni Júlíusson veiddi fyrsta lax sumarsins. MYND / HARALDUR EIRIKSSON

Laxveiðitímabilið hófst í Norðurá í Borgarfirði í gær:

Fyrsti laxinn eftir 20 mínútur

VEIÐI Bjarni Júlíusson, formaður Stangveiðifélags Reykjavíkur, landaði fyrsta laxinum í Norðurá í gær, aðeins tuttugu mínútum eftir að laxveiðitímabilið hófst.

Var það 74 sentimetra hrygna og var henni sleppt. Skyllt er að sleppa laxi í Norðurá sem náð hefur 70 sentimetrum.

Veidar í Norðurá hófust fimm

dögum seinna en venjulega sökum dræmrar veiði fyrstu dagana undanfarin ár. Þegar síðast fréttist í gær voru fjórir laxar komnir á land úr ánni.

Veiði hófst einnig í Blöndu í gær. Þar veiddu Þórarinn Sigþórs-son tannlæknir og Bolli Kristína-son kaupmaður fyrstu tvo laxana.

-pal

Jónína Bjartmarz:

Flytur til Kína

STJÓRN MÁL Jónína Bjartmarz, fyrrverandi umhverfisráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins, hyggst flytja til Kína með fjölskyldu sinni í haust. Jónína hyggst einbeita sér að því að læra kínversku og kynna sér framandi menningu „sem hún hefur lengi haft áhuga á“. Þetta staðfesti hún við Fréttablaðið í gærkvöld. Ef allt gengur eftir fer fjölskyldan til Kína í ágúst en það er þó ekki alveg frágengið ennþá.



JÓNÍNA BJARTMARZ

Jónína hefur starfað árum saman í Framsóknarflokknum en varð fyrst þingmaður Reykavíkinga árið 2000. Hún varð umhverfisráðherra í fyrra og samstarfsráðherra Norðurlanda sama ár.

-mh

GULL
BYLGJAN
909

RÝMINGARSALA

vegna breytinga



Verð nú **8.500 kr.** stgr.
verð áður 11.300 kr. stgr.



Verð nú **9.900 kr.** stgr.
verð áður 14.900 kr. stgr.



Verð nú **8.900 kr.** stgr.
verð áður 11.900 kr. stgr.



Verð nú **8.900 kr.** stgr.
verð áður 13.900 kr. stgr.



Allir reyrlampar
**30 - 50%
afsláttur**



Verð nú **52.200 kr.** stgr.
verð áður 69.600 kr. stgr.



Verð nú **79.900 kr.** stgr.
verð áður 107.300 kr. stgr.



Verð nú **49.900 kr.** stgr.
verð áður 68.200 kr. stgr.



Full dýna **79.900 kr.** stgr. **15%
afsláttur**
Queen dýna **89.600 kr.** stgr.
King dýna **127.800 kr.** stgr.

15-70% afsláttur
af vörum á rýmingarsölu

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

VEISTU SVARIÐ?



1. Leikur hvaða liða var stöðvaður og gestunum dæmdur sigur þegar áhorfandi hljóp inn á völinn og sló til dómarsins?
2. Hvað heitir fyrrverandi stríðsherra Líberíu sem rekur mál sitt fyrir stríðsglæpadómstólnum í Haag?
3. Hver er formaður VM, félagsvélstjóra og málmteknimanna?

SVÖRIN ER AÐ FINNA Á BLS. 34

Óttast er um öryggi ræðismannsins vegna morðingja Jóns Þórs Ólafssonar:

Vill fá að halda embættinu

EL SALVADOR Frú Augda Beatriz Zarco de Sveinsson vill halda áfram að vera ræðismaður Íslands í El Salvador, en Einar Sveinsson, eiginmaður hennar, hefur lýst yfir áhyggjum af öryggi konu sinnar eftir að morðingjar Jóns Þórs Ólafssonar voru dæmdir í fangelsi.

Í Fréttablaðinu hinn 17. maí sagðist Einar telja að glæpagengið Mara 18 kynni að leita hefnda vegna aðstoðar hennar við rannsóknina á morðinu á Jóni og Brendu Salinas í febrúar í fyrra. Ræðismennskan veitir Beatriz lögformlega vernd yfirvalda ytra. Beatriz baðst lausnar í apríl af



AGUDA BEATRIZ ZARCO DE SVEINSSON ÁSAMT EIGINMANNI SÍNUM, EINARI SVEINSSYNI Beatriz lenti í alvarlegu bílslysi í marsmánuði og baðst þá lausnar sem ræðismaður. Hún vildi þó helst fá að gegna þeim starfa áfram.

MYND/EINAR SVEINSSON

heilsufarsástæðum en er nú óðum að ná sér.

„Ef þjóð yðar og ríkisstjórn vill það, vil ég halda áfram,“ segir Beatriz, sem bíður enn eftir svari við bréfi sem hún afhenti erindreka utanríkisráðuneytisins í apríl. Fyrr fari hún ekki formlega fram á að sitja áfram.

Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, kannast ekki við þessa ósk ræðismannsins. Hún hafi verið leyst frá störfum að eigin ósk og gert kunnugt um það bréfleiddis.

„Hún hefur ekki tilkynnt okkur að hún vilji halda áfram störfum, að mér vitandi,“ segir hann. - kóp

Reiddist mjög í verslunarferð: Barði barnsmóðurina í 11-11 búð

DÓMSMÁL Tæplega þrítugur karlmaður hefur í Héraðsdómi Austurlands verið ákærður fyrir að hafa í júlí í fyrra gengið í skrokk á barnsmóður sinni.

Árásin átti sér stað í verslun 11-11 á Höfn í Hornafirði. Maðurinn kýldi konuna nokkrum sinnum í andlit og sparkaði svo í hana þar sem hún lá á gólfi verslunarinnar. Konan hlaut mikla bólgu og sprungu á efri vör, eymsli í vinstra kinnbein, vinstra gagnauga og víðsvegar annars staðar í andliti.

Konan krefst fimmtíu þúsund króna í skaðabætur og að maðurinn verði dæmdur til refsingar. - sh



LEITINNI LOKIÐ Síðustu starfsmenn Samkeppniseftirlitsins yfirgáfu höfuðstöðvar Mjólkusamsöslunnar síðdegis í gær. Þá höfðu þeir fjarlægð gögn í kassavís af skrifstofunum.

FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR

Telja mjólkuriðnað undanþeginn lögum

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Mjólkursamsöslunni eftir kvartanir Mjólku og fjarlægði þaðan gögn. Aðstoðarforstjóri MS segir mjólkuriðnaðinn undanþeginn samkeppnislögum en forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir það alrangt.

NEYTENDUR Samkeppnisfirlitið hefur rökstuddan grun um að Mjólkursamsalan, Osta- og smjör-salan og Auðhumla svf. hafi gerst sek um undirboð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Gerð var húsleit á skrifstofum fyrirtækjanna á Bitruhálsi í gær eftir kvartanir frá Mjólku ehf. og hald lagt á skjól og tölvubúnað í kassavís. Aðstoðarforstjóri MS vísar á sök-ununum á bug og segir mjólkuriðnaðinn undanþeginn samkeppnislögum.



MAGNÚS ÓLAFSSON



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

Dómsúrskurður sem heimilaði húsleitina lá fyrir á mánudag. Um klukkan átta í gærmorgun mættu starfsmenn Samkeppniseftirlitsins í höfuðstöðvar MS. Þaðan fjarlægðu þeir gögn af sölu- og markaðssviði.

Mjólka ehf., eina fyrirtækið í mjólkuriðnaði á Íslandi sem starfar utan greiðslumarkskerfis land-

búnaðarins, hefur sent tvær kvartanir til Samkeppniseftirlitsins. Þar er kvartað yfir undirboðum og misnotkun fyrirtækjanna þriggja á markaðsráðandi stöðu sinni.

Magnús Ólafsson, aðstoðarforstjóri MS, vísar á sökunum á bug. Í tilkynningu frá MS segir að fyrirtækið hafi kappkostað að lúta lögum um samkeppni. Verð á vörum fyrirtækisins sé ákveðið af opinberri verðlagsnefnd og MS hafi ekkert um það að segja.

Magnús segir það undarlegt að mörgu leyti að ráðist hafi verið í rannsóknina á grundvelli einskis annars en kvartana frá Mjólku. Rökstuðningurinn sem húsleitarheimildin byggði á sé „þunnur“ og mikið um „sagt er“ og „heyrst hefur“. Þá sé málið ekki síst undarlegt í ljósi þess að mjólkuriðnaðurinn sé undanskilinn samkeppnislögum.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir alls ekki rétt að mjólkuriðnaðurinn sé undanþeginn öllum samkeppnislögum. „En það er þannig að afurðastöðvar mjólkuriðnaðarins eru undanþegar því í 10. grein bannákvæða samkeppnislaga sem kveður á um ólöglegt samráð. Þær mega líka sameinast án afskipta samkeppnisfirvalda. En mjólkuriðnaðurinn er ekki undan-

HARMAR AÐ SVONA HAFI FARIÐ

Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, segist ekki hissa á að kvartanirnar hafi leitt til rannsóknar. „En ég harma að til þess hafi þurft að koma,“ segir hann.

„Það er aldrei skemmtilegt að þurfa að standa í samskiptum á þennan hátt.“ Ólafur segist vel vita að mjólkuriðnaðurinn sé ekki undanþeginn samkeppnislögum. „Mér finnst dapurlegt að Mjólkursamsalan láti hafa slíkt eftir sér og að menn skuli ekki vita betur.“



ÓLAFUR MAGNÚSSON

þeginn 11. grein sem fjallar um misnotkun á markaðsráðandi stöðu.“

Páll vill ekki svara því hvort fleira hafi legið til grundvallar úrskurðinum um húsleitina en kvartanir Mjólku. „Samkeppniseftirlitið hefur verið að fylgjast með þessum markaði að undanförmu og niðurstaðan varð sú að fara í þessa athugun. Um tildrögin vil ég ekki tjá mig meira í bili.“

stigur@frettabladid.is

GÖNGUFERÐIN HEFST Í EVEREST

DALVEGI 18 & SKEIFUNNI 6

Vango

Göngutjöld í úrvali Verð frá **24.995**

Vango

Venom 225 dúnpoki, þyngd 0,75kg hámarksuldapól -5° **14.995**

Pumori 60+10 Topp poki fyrir lengri ferðir **16.995**

Mountain Hardwear göngujakki Epic m/góðri vatnsvörn og öndun, dómu og herrasnið, þyngd 381gr **13.995**

Göngustafir Verð frá **3.496**

Vango og Artiach göngudýnur Verð frá **3.495**

Mountain Hardwear göngubuxur í úrvali

Margar gerðir af primum

Trezeta Top Vinsælustu skórnir okkar, dómu og herrasnið Tilboð **21.995**

EVEREST

Skeifunni 6 og Dalvegi 18

Sími 533 4450 / 577 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá



REYKJAVÍKUR
MARARON
GLITNIS
18. ÁGÚST 2007



HVERT SKREF SKIPTIR MÁLI

GLITNIR HEITIR 500 KR. Á HVERN
KM SEM VIÐSKIPTAVINIR HLAUPA

HLAUGHTU TIL GÓÐS Í REYKJAVÍKURMARARONI GLITNIS!

Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. á hvern kílómetra sem viðskiptavinir bankans hlaupa þann 18. ágúst. Einnig greiðir Glitnir 3.000 kr. á hvern kílómetra sem starfsmenn hlaupa.

NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ BYRJA AÐ ÆFA

Reykjavíkumaraþon Glitnis er einstakur íþróttaviðburður þar sem þúsundir hlaupa sér til skemmtunar og heilsubótar, öðrum til góðs.

Veldu vegalengd við þitt hæfi og hvaða málefni þú vilt styrkja. Taktu síðan fyrsta skrefið í áttina að endamarki Reykjavíkumaraþons Glitnis með því að skrá þig á www.glitnir.is/marathon.

Allir sigra í Reykjavíkumaraþoni Glitnis!



GLITNIR

HVERT SKREF SKIPTIR MÁLI – skráðu þig á www.glitnir.is/marathon

Ný leiðabók



Leiðabókin gildir frá 3. júní - 18. ágúst. Hún er almennt á sölustöðum farmíða og á straeto.is. Sendu okkur tölvupóst á straeto@straeto.is og við sendum hana til þín.

Leið 1
HAFNARFJÖRDUR / HLEMMUR

www.straeto.is

Táknræn heimild vegna Íraks

ALÞINGI Bandarísk yfirvöld hafa, eins og aðrar bandalagsþjóðir Íslendinga, heimild til þess að fljúga um íslenska lofthelgi og nota Keflavíkurflugvöll. Slíkar heimildir er að finna í varnarsamningi þjóðanna.

Í svari Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur á Alþingi á mánudag kom fram að eftir því sem ráðherra væri kunnugt hafi heimildir vegna innrásarinnar í Írak verið veittar tíma-bundið, og þær hafi fallið úr gildi.

Bergdís Ellertsdóttir, sviðs-stjóri alþjóða- og öryggisviðs utanríkisráðuneytisins, segir að

heimildir til yfirflugs og afnota af Keflavíkurflugvelli sem veittar hafi verið vegna innrásarinnar í Írak hafi einskorðast við innrásina. Því megi líta svo á að heimildirnar hafi fallið úr gildi þegar innrásinni lauk, án þess að nokkur hafi þurft að taka ákvörðun um slíkt. Þó enn sé stríð í Írak sé innrásinni klárlega lokið, eins og bandarísk stjórnvöld hafi lýst yfir í maí 2003.

Bergdís segir að hefði ríkisstjórnin ekki lýst því yfir að nota mætti íslenska lofthelgi og flugvelli hefðu bandarísk stjórnvöld einfaldlega farið fram á að fá slíkar heimildir. Það hefði þurft



ÍRAKSSTRÍÐIÐ Heimild bandarískra stjórnvalda til að nota íslenska lofthelgi og Keflavíkurflugvöll einskorðaðist við innrásina í Írak.

pólítiska ákvörðun til að neita þeim um slíkt, enda almenna reglan sú að veita bandalagsþjóðum slíkar heimildir. - bj

Sagðist hafa týnt bílnum sínum:

Reyndist sjálfur hafa ekið í garð

LÖGREGLUMÁL Sautján ára piltur mætti á lögreglustöð í fyrradag og tilkynnti að bíllinn hans væri horfinn. Hann taldi jafnvel að honum hefði verið stolið. Lögreglan kannaði málið og komst að því að bílnum hafði verið ekið inn í garð í Kópavogi nóttina áður og ökumaður flúið af vettvangi.

Pilturinn var fréttunum feginn og sá fram á að fá bíllinn í sínar hendur. Lögreglumenn ákváðu þó að spyrja hann örlítið nánar út í málið, og kom þá í ljós að hann hafði sjálfur setið undir stýri umrædda nótt, og það undir áhrifum áfengis. Hann á yfir höfði sér sekt og ökuleyfisvöngu. - sh

AKUREYRI

29 vildu stýra sundlauginni

Alls bárust 29 umsóknir um starf forstöðumanns Sundlaugar Akureyrar sem auglýst var í vor. Íþróttaráð bæjarins hefur mælt með því við bæjarstjórnina að ráða Elínu H. Gísladóttur í starfið.

VIÐSIR

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Styrkur til náms í verkfræði

eða

tæknifræði


Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í verkfræði eða tæknifræði. Einungis nám til fyrstu prófgráðu í greininni er styrkhæft. Styrkurinn verður veittur um mánaðamótin ágúst-september nk.

Umsóknun, með upplýsingum um náms- og starfsferil ásamt staðfestingu á skráningu í nám, ber að skila með rafrænum hætti á vef Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is fyrir 28. júní.



Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is



BUSH Í TÉKKLANDI Bandaríkjaforseti segir að Tékka þurfi ekki að velja á milli Bandaríkjanna og Rússlands, heldur geti verið vinir beggja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Býður Pútín að vera með

Bush Bandaríkjaforseti segir Rússa ekki þurfa að óttast bandarískt eldflaugavarnakerfi í Evrópu.

TÉKKLAND, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti segir Bandaríkjamenn ekki líta á Rússland sem óvinaríki. Þess vegna sé gjörsamlega ástæðulaust af Rússum að óttast fyrirhugaðar eldflaugavarnir Bandaríkjanna í Tékklandi og Pólandi. Þess í stað ættu þeir að vinna saman gegn sameiginlegri ógn og býður Bush Rússum þátttöku í eldflaugavarnakerfinu.

„Rússland er ekki óvinurinn,“ sagði Bush eftir fund með ráðamönnum í Tékklandi, þar sem hann var staddur í gær, og beindi orðum sínum til Vladímírs Pútín Rússlandsforseta.

„Skilaboð mín verða: Vladímír – ég kalla hann Vladímír – þú ættir ekki að óttast eldflaugavarnakerfi okkar. Hvers vegna vinnurðu ekki bara með okkur að eldflaugavarnakerfinu?“

Bush sagðist ætla að hvetja Rússa til að senda bæði herforingja sína og vísindamenn á fund Bandaríkjamanna til að skoða hvernig

eldflaugavarnakerfið virkaði.

Skoðanakannanir sýna að yfir sextíu prósent Tékka eru andvíg hugmyndum Bandaríkjaforseta um eldflaugavarnakerfi sem staðsetja á þar í landi og í Pólandi. Hundruð Tékka mótmæltu Bush í fyrradag, en þeir óttast að áætluin geri Tékkland að skotmarki hryðju-verkamanna.

Bush svaraði því svo, að Tékka þyrftu ekki að „velja á milli þessa að vera vinir Rússlands eða vinir Bandaríkjanna. Þið getið verið hvort tveggja.“

Um síðustu helgi sagði Vladímír Pútín Rússlandsforseti að Rússar teldu eldflaugavarnakerfið ógnun við sig. Ógnuninni yrði svarað, til dæmis með því að beina kjarnorkuflaugum Rússlandshers í átt að herstöðvum Bandaríkjamanna í austurhluta Evrópu.

Bush hélt þaðan til Dýskalands á þriggja daga leiðtogafund G8-ríkja, sem hefst í Heiligidamm í dag. - gb/sj

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ | ARMANI
JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti



Herra
lagerinn
outlet

**Jakkafata-
sprengja!**

**Öll jakkaföt
kr. 17.980**

VERÐ ÁÐUR ~~69.980~~ ~~64.980~~ ~~59.980~~ ~~54.980~~ ~~49.980~~ ~~46.980~~ ~~44.980~~ ~~39.980~~

50%

**afsláttur
af öllum öðrum
vörum**

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17

OPIÐ
SUNNUDAGINN 10/6 FRÁ KL. 13 TIL 17

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

Styrkur til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í einum af eftirfarandi greinum: Vélfræði (vélstjórnun), rafvirkjun, vélvirkjun, múraraiðn eða pípu-lögnum. Styrkurinn verður veittur um mánaðamótin ágúst-september nk.

Umsóknum, með upplýsingum um náms- og starfsferil ásamt staðfestingu á skráningu í nám, ber að skila með rafrænum hætti á vef Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is fyrir 28. júní.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is

TILBOÐSDAGAR

20% - 25%

afsláttur af
öndunarfátnaði
Til 9. júní



Jakkar frá kr. 9.995 til 19.995



STÆRRI VERSLUN
MEIRA VÖRUÚRVAL!

Íslensku
ALPARNIR
FERÐAVERSLUN



Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Sögulegar kvikmyndir og fræðsluerindi í Odda:

Fundað um Marshall aðstoðina

STJÓRN MÁL Sandra Schulberg, forstjóri Phobos Entertainment, mun sýna sögulegar kvikmyndir um Marshall-aðstoðina á opnum fundi í Odda á morgun. Faðir Söndru var yfirmaður kvikmyndadeildar Marshall-áætlunarinnar en tilgangur hennar var að veita fjölda ríkja Evrópu aðstoð á tímum eftirstríðsáranna.

Fundurinn verður haldinn á morgun í Háskóla Íslands, Odda. Að fundinum standa Samtök um vestræna samvinnu, Varðberg,

Háskóli Íslands og sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi.

Sandra Schulberg hefur framleitt nokkra sjónvarpsþætti og kvikmyndir og hlotið fjölda verðlauna innan alþjóðlega kvikmyndaiðnaðarins.

Þá mun Þór Whitehead, prófessor í sagnfræði, ræða um Ísland og Marshall-aðstoðina. Fundurinn er öllum opin og er allt áhugafólk um öryggis-, varnar- og utanríkis-mál hvatt til að mæta.

- lbb



RÆTT UM VANDA SJÁVARBYGGÐA Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, sem situr á þingi fyrir Jón Bjarnason, lýsti þeim vandamálum sem íbúar sjávarþorpa búa við í umræðum á Alþingi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Sverðin hanga yfir sjávarbyggðunum

Pingmenn allra flokka eru sammála um að vandi steðji að sjávarbyggðum. Þeir eru hins vegar ósammála um orsakir vandans og hvernig bregðast skuli við.

ALÞINGI „Sverðin hanga yfir sjávarbyggðunum í orðsins fyllstu merkingu og enginn virðist vita hvar þau falla, hverjir verða fyrir þeim næst.“

Þetta sagði Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, varðingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær um vanda sjávarbyggðanna.

Ingibjörg rakti bága stöðu byggðarlaga á Vestfjörðum og þann ótta sem uppi er um að kvóti kunni að flytjast frá Vestmannaeyjum.

Taldi hún hátt verð á kvóta eina af ástæðum þess hvernig komið væri og sagði kvíða og óvissu ríkja meðal íbúa nokkurra byggðarlaga á Vestfjörðum.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði vandann snúa sumpart að fiskveiðistjórnuninni en öðru væri líka um að kenna, til dæmis efnahagsskilyrðum. Sagði hann að við úthlutun byggðakvóta fyrir næsta fiskveiðiár yrði horft sérstaklega til þeirra byggðarlaga þar sem kvótinn er minnstur og staðan alvarlegust. Þá sagðist Einar vilja kanna hvort hægt væri að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga á kvóta og að fara þyrfti yfir vankanta leiguframsals.

Að auki sagði hann mikilvægt

að horfa til annarra þátta, svo sem samgangna og uppbyggingar annarra atvinnugreina.

Óssur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra greindi frá því að þegar hefðu verið auglýst títu ný opinber störf á Vestfjörðum og í bígerð væri að auglýsa títu til viðbótar.

Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokknum, sagði fiskveiðistjórnunarkerfinu um að kenna hvernig ástætt væri á landsbyggðinni. Öll vandamál væru „bölvuðu“ kerfinu að kenna.

Birkir Jón Jónsson, Framsóknarflokkur, sagði mikilvægt að hluti veiðigjalds yrði látinn renna aftur til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar í byggðunum, nægar væru hugmyndirnar en peningana skorti.

Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisflokkur, sagði hágegnsstefnunni um að kenna. Sagðist hann gera ráð fyrir að reynt yrði að hefja fiskvinnslu á Flateyri á ný en það yrði ekki auðvelt nema með nýjum forsendum efnahagsmála.

Ný veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar kom til umræðu og sagði Bjarni Harðarson, Framsóknarflokkur, mikilvægt að fara að ráðum stofnunarinnar. Ekki væri við neitt þetta að styðjast.

bjorn@frettabladid.is

KONUNGUR GLÆPASAGNANNA!

Metsölubók ársins 2006

„Konungsbók er viðburðarík og spennandi saga, en Arnaldur er ekki bara að skrifa spennusögu - hann er líka að glotta út í annað að spennusagnahefðinni.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„Arnaldur hefur góð tök á frásagnartækninni ... Góð skemmtun ...“

Katrín Jakobsdóttir, Mbl.

„Arnaldur notar hugmyndirnar og tilfinningarnar sem aflgjafa fyrir magnaða og trúverðuga spennusögu í samtíma okkar.“

Gísli Sigurðsson, Mbl.



**KOMIN
Í KILJU**



Arnaldur Indriðason

Arnaldur hlaut nýlega verðlaunin *Grand Prix des Lectrice de Elle* í Frakklandi sem veitt eru fremstu glæpasagnahöfundum heims. Við óskum Arnaldi innilega til hamingju með þessa merku viðbót við þann fjölda verðlauna og tilnefninga sem bækur hans hafa hlotið.


E d d a
edda.is

Ævintýra- ævjan

Taktu þátt og safnaðu
stimplum hjá Olís.
Glæsilegir vinningar í boði!

Fellihýsi
1. vinningur!



Fleetwood-fellihýsi
að verðmæti
1.595.000 kr.

Risagasgrill
2. vinningur!



Permasteel-gasgrill
að verðmæti
228.000 kr.

Lúxusgisting
3. vinningur!



fyrir tvo á Hótel Búðum
með kvöldverði og
morgunmat.

Frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna

Olís býður þér og fjölskyldu þinni að taka þátt í frábærum ferðaleik í sumar. Það eina sem þú þarft að gera er að safna stimplum á næstu Olís-stöð. Komdu við á næstu Olís-stöð og fáðu stimpil í ævintýrakortið og ævintýraglaðning í leiðinni.

Dregið vikulega úr ævintýrapottinum í Helgarútgáfunni á Rás 2 um frábæra vinninga og stórglæsilegan aðalvinning í lok sumars.

- 4 x 10.000 Vildarpunktur
- 2 gjafabréf frá Ellingsen að verðmæti 20.000 kr. hvor
- Gisting með morgunmat og kvöldverði fyrir tvo á Hótel Búðum
- Gjafabréf í Bláa lónið
- Char-Broil Sequila-gasgrill
- Flugferðir innanlands fyrir tvo hjá Flugfélagi Íslands

Vertu með í allt sumar! Allar nánari upplýsingar á www.olis.is



„Var það ekki hér sem ég átti að beygja?“



**Farsímatilboð
fyrir stimpilkort!**

2 x stimpilkort
Nokia 2310
5.900 kr.

3 x stimpilkort
Nokia 6080
9.900 kr.

Ævintýrakortin eru líka
lykill að frábærum
farsímatilboðum.



ÆVINTÝRAKORTIÐ á að hafa borist þér í pósti en einnig er hægt að nálgast það á næstu Olís-stöð, eins mörg og fjölskyldan þarf.

OLÍS – við höldum með þér!

olis

Veidiráðgjöf og fiskveiðistjórnun:

Tilboð um réttlæti

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um verulegan samdrátt í þorskveiði er óneitanlega mikið áfall með margvíslegum áhrifum. Þau snerta bæði einstaklinga, fyrirtæki og þjóðarbúskapinn.

Áðgjöf Hafnarráðgjöfina um uppbyggingu þorsstofnsins hafa ekki gengið eftir. Þar kemur margt til. Augum má ekki loka fyrir því að veiði hefur þrátt fyrir góða viðleitni verið meiri en vísindamenn hafa ráðlagt.

Það eina sem unnt er að gera vitlaust við þessar aðstæður er að hundsá ráðgjöfina. Hún byggist á vísu ekki á alþekkingu. En hún er reist á mestu tiltækri vitneskju. Á herðum sjávarútvegsráðherrans hvílir mikil ábyrgð. Fyrir þá sök eru orð hans dýr. Orð þeirra sem enga ábyrgð bera eru að sama skapi ódýrari.

Samhliða þorskveiðiráðgjöfinni og vegna atvinnuerfiðleika á Flateyri hafa heyrst raddir um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Í flestum tilvikum eru það ódýr orð. Fiskunum í sjónum fjölga ekki með pólitískri tilfærslu aflaheimilda.

Í þessu samhengi hefur mesta athygli vakið ræða formanns stjórnar Faxaflóahafna á sjómannadaginn. Hann ræddi þar á grundvelli réttlætissjónarmiða nauðsyn þess að rétta hlut þeirra byggða sem höllum fæti standa og eiga afkomu sína alfarið undir gæsku sjávarins.

Sjávarútvegsráðherra lagði kollhúfur þegar hugmyndir formannsins voru bornar undir hann. Það hefði hann ekki þurft að gera. Vel mátti taka í þessa framréttu sáttahönd. Líta má svo á að í sjómannadagsræðu formanns Faxaflóahafna hafi falist óvenjulegt tilboð um fórn þeirra mörgu sem standa sólarlægum til að auka réttlæti hinna fáu sem í skugganum eru.

Þegar formaður stjórnar Faxaflóahafna talar í nafni stöðu sinnar á sjómannadaginn stendur hann með umboð borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Akraness. Hann talar í nafni sveitarstjórna að baki fiskihöfn sem tekur við 130 þúsund lestum af fiski árlega. Orð hans eru því dýr.

Fiskveiðar skipta litlu máli fyrir heildarefnahagsstarfsemi sveitarfélaganna sem hann er umboðsmaður fyrir. Það sést glögg á því að aflagjöld Faxaflóahafna eru einungis um 4% af heildartekjum þeirra. Aukheldur hafa hafnirnar nýlega tilkynnt að þær hyggi á þátttöku í samkeppni á fjármálamarkaði með milligöngu um lánsfé til samgönguframkvæmda. Það er mun ábatasamari iðja.

Engu er líkara en sjávarútvegsráðherra hafi ekki áttað sig á að unnt er að taka tilboði Faxaflóahafna um aukið réttlæti gagnvart einhæfum sjávarbyggðum án nokkurra lagabreytinga. Stjórn Faxaflóahafna getur einfaldlega sjálf bannað eða takmarkað löndun á fiski á yfirráðasvæði sínu.

Með einfaldri stjórnarsambýkkt Faxaflóahafna er þannig unnt að flytja umtalsvert magn af fiski til löndunar úti á landsbyggðinni þar sem meiri er þörfin. Engan þarf að svipta aflaheimildum sínum. Þetta má þar að auki gera í áföngum, til að mynda með því að minnka heimild til löndunar á fiski um 10 til 20 prósent á ári.

Með sjómannadagsræðu formanns stjórnar Faxaflóahafna hafa borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Akraness sýnt mikinn skilning á vanda sjávarbyggða utan höfuðborgarþéttbýlisins. Tilboði þeirra um að minnka hlut sinn í sjávarútvegi á að taka fagnandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

na na thai
Thai Restaurant & Store

Matseðill á
www.thaimatur.com
Tælenskur matur

Frí heimsending
í póstr. 103 104 105 108
Ef að pantað er fyrir
meira en 3000 kr.
Önnur svæði, 700 kr. heimsending

Skeifan 4
Sími: 588 1818 • 896 3536

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ritstjóri fer í fri

Ólafur P. Stephensen var sem kunnugt er ráðinn ritstjóri Blaðsins fyrir skömmu. Eitthvað verður þó í það að Ólafur láti til sín taka hjá Bláinu því hann er á leið í fri og kemur ekki til starfa fyrr en um miðjan mánuðinn. Á meðan mun Trausti Hafliðason stýra blaðinu en honum var gert að hætta sem ritstjóri blaðsins til að rýma til fyrir Ólafi.

Boðin fréttastjóra-staða

Alls óvíst er hvað Trausti tekur sér fyrir hendur þegar Ólafur kemur til starfa. Trausta var



Sessunautar

Í fyrradag var dregið um sætaskipan á þingi og ekki urðu allir sáttir við hlutskipti sitt. Margir sem deilt hafa hart í þingsal síðustu ára lentu hlið við hlið, til dæmis Valgerður Sverrisdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir, sem og Magnús Stefánsson og Ögmundur Jónas-

son. Fróðlegt verður að fylgjast með hvernig andstæðingunum fyrrverandi muni lynda. Fróðlegast verður þó að fylgjast með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Birni Bjarnasyni sem sitja hlið við hlið í ráðherrastólum sínum. Öbreyttu þingmennirnir munu aftur draga um sæti á haustþingi en Ingibjörg og Björn munu sitja sem fastast þar til annað kemur í ljós.

kristjan@frettabladid.is



Átta ríkisprestar kæra

Ég hef verið ákærður fyrir lúterska hugsun og athæfi.

Ég hef í anda Lúters barist fyrir því að komið verði á jafnræði trúfélaga og að samkynhneigðir megi njóta sömu réttinda og aðrir innan kirkjunnar. Fyrir þetta hef ég verið ákærður. Ákærugögnin eru predikanir mínar, greinaskrif og annað sem fjallar um þetta tvennt.



HJÖRTUR MAGNI JÓHANSSON
Í DAG | Trúmál

Asninn, síra Geir Waage, nasism-inn og gullið

Sem forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík hef ég barist fyrir því að samkynhneigðir geti gengið í hjónaband. Forstöðumenn annarra lúterskra fríkirkna eru sama sinnis og það er sannarlega í samhljóman við vilja meirihluta þjóðarinnar. Prestastefna þjóðkirkjunnar kolfelldi það mál. Síra Geir Waage líkti þar guðfræðilegri afstöðu manna til samkynhneigðar við afstöðu manna forðum til nasisma Hitlers. Hann hefur heldur ekki háar hugmyndir um fríkirkjufólk. Á kirkjubingni 2001 líkti Síra Geir fríkirkjufólki við asna sem stendur hlaðinn gulli utan við borgarmúrana. Prestar, prófastar, biskupar sem prófessorar ræddu þessi mál sín á milli. Fjallað var um hvernig hægt væri að lokka asnann (fríkirkjufólk) inn fyrir borgarmúrinn (þjóðkirkjuna), ná gullinu (trúfélagsgjöld) af baki hans en senda asnann síðan aftur út fyrir borgarmúrinn þar sem hann ætti helst heima. Nú virðist enginn af þeim æðstu mönnum þjóðkirkjunnar sem þar voru og tóku þátt í umræðunni hafa fundið neitt að þessum líkingum.

Fjórir ákærendur í Hjalla – og Digraneskirkjum

Prestar þar hafa nú nýverið þverbrotið siðareglur Prestafélagsins gagnvart fríkirkjufólki. Síðan

hafa þeir ásamt talsmönnum Biskupsstofu ítrekað fullyrt að um einangrað atvik hafi verið að ræða. Þær fullyrðingar eru ekki sannar. Það tilvik sem hér um ræðir er ekkert einsdæmi og vitni eru til staðar. Árið 2003 hvatti sjálfur formaður Prestafélags Íslands alla ríkislaunaða þjóðkirkjupresta til að nýta forréttindaástöðu sína og skrá sem flesta úr frjálsum trúfélögum inn í ríkiskirkjuna til að auka mismun trúfélaga enn meira. Siðlegt?

Hobbiprestur á Hofsósi

Einn helsti talsmaður ákærenda virðist vera sr. Gunnar Jóhannsson prestur á Hofsósi. Hann hefur nægan tíma til að skrifa greinar um persónu mína, hvernig hann telur mig hafa rofið mitt vígsluheit gagnvart Guði með því að gagnrýna ríkiskirkjuna. Við öll, utanþjóðkirkjufólk meðtalið, greiðum honum dágóð ríkislaun með sköttum okkar, fyrir að veita aðeins um fimmhundruð manns prestsþjónustu. Sjálfur er ég í forsvari fyrir söfnuði sem brátt telur um átta þúsund manns. Líklegast tekur það sr. Gunnar allnokkur ár að vinna þau verk sem ég vinn á örfáum mánuðum. Hann þarf ekki að vinna svo mikið því hann fær ríkislaun sín hvort sem er. Er þetta forsvaranlegt? Allt Skaga-

fjarðarprófastsdæmi sem Hofsósprestur tilheyrir telur aðeins um 5.000 manns og þar eru heilir 6 ríkislaunaðir prestar á dágóðum ríkislaunum! Hér er íslenska ríkið að sóa almannafé.

Jafnræði trúfélaga – söfnuður greiði laun

Sr. Gunnar á Hofsósi, með allan þann frítíma sem hann nýtur í okkar boði, ætti trúar sinnar vegna að beita sér fyrir því að hann fái laun sín greidd frá þeim söfnuði sem hann þjónar. Það fyrirkomulag er bibliúlegt og kristilegt. Það fyrirkomulag er evangelískt og lúterskt. Það er einnig í þágu neytda ef menn vilja líta þannig á málið. Það er í anda þeirra annarra trúfélaga sem ríkiskirkjan hefur eftir hentugleikum viljað tengja sig við. Það er í anda gjörvallrar kristni bæði fyrr á öldum sem og í dag.

Með því kæmist á jafnræði trúfélaga hér á landi. Þá ríktu loks þær þendur lýðræðis og jafnræðis sem geta gefið evangelískri lúterskri kirkju myndguleika á ný. Karl Sigurbjörnsson biskup hefur nú í fjögur og hálf ár hundsáð erindi Fríkirkjunnar um þessi mál. Svar biskups er köld og hávær þögn. Það minnir á þann andlega hafis sem ískaldri og vonarsnauðri þoku stafar frá, svo að vitnað sé í hans eigin líkingar.

Hversvegna ættum við Íslendingar að viðhalda hér löngu úreltu ríkiskirkjufyrirkomulagi sem hindrar framgang mannréttinda og engir aðrir vilja sjá?

Höfundur er forstöðumaður og prestur hinnar evangelísk-lútersku Fríkirkju í Reykjavík. Nöfn ákærenda, ákæru og bréfaskrifir sem vísað er til má finna á fríkirkjan.is

Töfraorð og orðaleikfimi

UMRÆÐAN

Fiskveiðistjórnun

Í umræðu um sjávarútvegsmál er oft á tíðum haldið á lofti ýmsum bábiljum um meinta hagræðingu kvótakerfisins í sjávarútvegi og uppbyggingu fiskistofna. Það er gert reglulega til að réttlæta eyðingu hinna dreifðu byggða og láta landsmenn sætta sig við óréttlætið og sóunina sem fylgir íslenska kvótakerfinu.

Þessu halda á lofti ýmsir sem taldir eru til hinna málsmetandi sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum og fá þeir jafnvel að brynna landsmönnum af visku sinni í hinum ýmsu fréttaskýringaþáttum.

Hverjar eru staðreyndir málsins? Verðmæti útfluttra sjávarafurða er um tíu prósentum lægra nú en það var fyrir áratug og á þessu tímabili hafa orðið miklar verðhækkningar á sjávarafurðum. Ekki hefur þó allt lækkað, skuldir sjávarútvegsins hafa hækkad margfalt. Ekki er að sjá að skuldaaukningin hafi orðið vegna fjárfestinga í greininni þar sem tekjurnar hafa minnkað. Togaraflotinn hefur elst og eru nú fjórutíu prósent skipanna eldri en þrjátíu ára sem er mikil breyting frá því fyrir um áratug þegar einung-



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

is tvö prósent skipa höfðu náð þeim virðulega aldri.

Upphaflegt markmið kerfisins var að byggja upp þorsstofninn og ef mark má taka á mælingum Hafró er ekki að sjá að það hafi tekist. Nú ráðleggur Hafró að veitt verði þrisvar sinnum minna en gert var fyrir daga kvótakerfisins sem átti að byggja upp þorsstofninn. Það er vitlaust gefið.

Það er orðið löngu tímabært að taka núverandi kerfi til rækiegrar endurskoðunar og kemur það mjög á óvart að nýlegur stjórnarsáttmáli Sjálfstæðisflokks og samstarfsflokks hans taki ekki til þess máls sem veldur óstöðugleika og sóun í sjávarútvegnum.

Töfraorðinu hagræðingu fylgir galdraorðið hagvöxtur sem lysthafendur sveifla í kringum sig þegar þeir eigna fyrir kvótann. Frjálslyndi flokkurinn er hins vegar ekki í neinum innantómum orðaleik, Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram ábyrgar tilögur til breytinga á stjórnun fiskveiða og nú ríður á að stjórnvöld taki þær til málefnalegar umræðu. Gefum útgerðarmönnum frí frá orðaleikfimi og tölum saman á mannamáli um það sem máli skiptir.

Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.

HEILIRSTURTU KLEFAR



Rúnaður

6mm hert öryggisgler
allan hringinn

80x80 og 90x90

- Innifalið:**
- Ömmustöng
 - Stór handsturta
 - Hitastýrð blöndunartæki



E000479

Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

www.i-t.is



Kanntaður

heilopnun

8mm hert öryggisgler
allan hringinn

80x80



- fyrir þitt heimili



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,
Hólmfríður Sveinsdóttir

Víðigrund 28, Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki mánudaginn 4. júní. Útförin fer fram frá Sauðárkróskirkju laugardaginn 9. júní kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Breið bros, samtök aðstandenda barna með skarð í vör eða góm.

Sveinn Rúnar Sigfússon
Heiðrún Friðriksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og frænka,

Sigurbjörg Guðrún Albertsdóttir

lést á gjörgæsludeild Landspítala - Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi 3. júní. Útför hennar fer fram frá Áskirkju föstudaginn 15. júní kl. 13.

Brynjar Eiríksson
Jakob Brynjarsson
Sigurbjörg Guðrún Brynjarsdóttir
Sigrún Tinna Brynjarsdóttir
Sara Hrund Brynjarsdóttir

Ólöf Jónatansdóttir
Óskar Gunnar Sampsted
Minnie Karen Walton
Bryndís Óskarsdóttir
Gunnhildur Amelía Óskarsdóttir

Ólöf Brynja Brynjarsdóttir



Faðir okkar og tengdafaðir,

Marinó Árnason

skipstjóri, Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést laugardaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju mánudaginn 11. júní kl. 14.

Pórir Marinósson
Atli Marinósson
Árni Marinósson
Valgerður Marinósdóttir

Erla Ingólfsdóttir
Halla Friðbertsdóttir
Guðmundur Sigurðsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðmunda Guðmundsdóttir

frá Bakka Siglufirði, Lóulandi 9, Garði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, föstudaginn 1. júní. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu Sandgerði föstudaginn 8. júní kl. 14.00.

Björn Þórðarson
Pórður Björnsson
María Björnsdóttir
Sigríður Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Signý Jóhannesdóttir
Birgir Kristinsson
Ólafur Örn Haraldsson

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast Guðmundu er bent á Hjúkrunarheimilið í Víðihlíð, Grindavík.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Aðalbjörn Stefánsson

Hraunbæ 26,

verður jarðsönginn frá Árbæjarkirkju mánudaginn 11. júní kl. 13.00.

Sigurbjörg Ernudóttir
Erna Kristín Sigurjónsdóttir
Einar Stefán Aðalbjörnsson
Stefán Aðalbjörnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhann Þór Sigfússon
Signý Ingvadóttir
Helga Irma Sigurbjörnsdóttir

BJÖRN BORG Á 51 ÁRS AFMÆLI Í DAG.

„Sá sem er hræddur við að tapa þorir ekki að vinna.“

Tennisleikarinn sænski Björn Borg er af mörgum talinn einn besti kartennisleikari allra tíma.



ÞETTA GERÐIST: 6. JÚNÍ 1944

Ráðist inn í Normandí

Pennan dag árið 1944 réðust bandamenn gegn herjum Þjóðverja í Normandíheraði í Norður-Frakklandi. Innrásin er ein sú frægasta og afdrifarikasta í seinni heimsstyrjöldinni þar sem hún olli þáttaskilum í stríðinu. Innrásardagurinn hefur verið kallaður „D-Day“ eða d-dagurinn allar götur síðan.

Í byrjun árs 1944 var orðið ljóst að Þjóðverjar væru að tapa heimsstyrjöldinni. Bandamenn töldu sig þurfa að ráðast inn í Vestur-Evrópu þar sem Þjóðverjar höfðu þó náð að stöðva sókn þeirra upp Ítalíuskaga. Ákveðið var að á fyrsta degi innrásar skyldu tvær bandarískar, tvær breskar og ein kanadísk herdeild lenda á ákveðnum stöðum á ströndunum í Normandí, en innrásarsvæðin náðu frá Cotentin-skaga í Normandí allt til borgarinnar Caen. Sömu leiðis skyldu tvær bandarískar og ein bresk fallhlífaherdeild lenda að baki varnarliðinu þá um morguninn.

Strandhögg bandamanna hinn 6. júní tókst þrátt fyrir gríðarlega mótspyrnu. Hins vegar stóð baráttan um Normandí fram í ágúst.



D-DAGUR

tímamót

timamot@frettabladid.is

TAKA UPP ÞRÁÐINN: BAND NÚTÍMANS LEIKUR SAMAN Á NÝ

Láta undan gráa fiðringnum

Fortíðarþráin tekur á sig misjafnar myndir. Nú hefur hópur manna sem eiga það sameiginlegt að hafa slitid barnsskónum í Kópavogi og eytt drjúgum tíma æsku og unglingsára í að semja og spila tónlist ákveðið að láta undan gráa fiðringnum og leitast við að upplifa fáein augnablik af horfnunum tíma. Saman myndaði þessi hópur hinar ýmsu hljómsveitir en þekktust þeirra varð Band nútímans og undir merkjum hennar koma þeir félagar saman aftur á tónleikum í Salnum í Kópavogi kl. 20.30 í kvöld.

Hljómsveitin Band nútímans gerði garðinn frægan í heimabæ sínum rétt um miðjan níunda áratuginn. Hljómsveitin kom reglulega fram í félagsmiðstöðinni Agnarögn og átti sér dyggan hóp fylgismanna sem margir hverjir voru nemendur í Víghólaskóla og tilheyrðu síðustu kynslóðinni sem hélt til á Skiptistöðinni áður en ráðamenn bæjarins skáru úr um það að unglingum færi betur að vera í skilgreindum félagsmiðstöðvum undir forsjá þar til lærðra manna frekar en ráfandi um undirgöng fjarri verndarhendi hinna fullorönu.

Band nútímans varð í öðru sæti Músíktílauna þegar sú keppni var haldin í annað sinn árið 1983 og Dúkkulísurnar unnu keppnina. Sigurlaunin voru stúdíóttimar og pláss á þrefaldri plötu sem kom út sama ár og prýddu hana margar af vonarstjörnum íslenskrar tónlistar.

Fæstir muna eftir slögurum svo sem „It doesn't bother you“, „Say something wrong“ eða „Athens“ en þeir verða engu að síður á efnisskrá tónleikanna. Þeir sem skipa sveitina eru Magnús Árni Magnússon, Pétur Jónsson, Ævar Sveinsson, Gunnar Ólason, Finnur Frímánn, Ríkharður Fleming



TÖFF Félagar í Bandi nútímans ætluðu sér ekkert minna en að verða poppstjörnur. Hver veit nema þeir stjórnuðraumar þeirra séu loksins að rætast? Á myndina vantar Sváfnir Sigurðarson.

Jensen og Sváfnir Sigurðarson.

Músikin er undir talsverðum áhrifum frá axlapúðakóngum þess tíma, hljómsveitinni Duran Duran, en Magnús Árni Magnússon söngvari sveitarinnar hefur einnig getið þess á opinberum vettvangi að hljómsveitirnar U2, Simple Minds og Big Country hafi veitt innblástur á seinni stigum.

Endurkomutónleikar Bands nútímans eru sannarlega kærkomin afsökun fyrir þá sem voru táníngar í Kópavogi á þeim tíma þegar Óli vörður gekk um Hamraborgina og þrívíddarþjófið á

Skemmuvegi varð að skemmtistaðnum Ríó, til þess að endurnýja kynnin og skemmta sér undir stórbrótnum lagasmíðum fimmtán ára drengja sem ætluðu sér aldrei neitt annað en að verða poppstjörnur.

Draumur þeirra er mögulega að rætast því miðasalan hefur gengið vonum frammar, nú geta æstir aðdaendur að eins fengið sæti á svölum hússins. Líklega þurfa menn ekki einu sinni sæti því stuðið ku verða gifurlegt og varla hægt að sitja undir því.

kristrun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, dóttir, systir, amma og tengdamóðir,

Hulda Brynjólfssdóttir

Álftaríma 3, 800 Selfossi,

lést laugardaginn 2. júní á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Jarðsöngið verður frá Selfosskirkju laugardaginn 9. júní kl. 13.

Karl Brynjar Larsen – Eva Björk Birgisdóttir
Bent Larsen – Líney S. Kristinsdóttir
Eva María Larsen
Fróði Larsen
móðir, tengdamóðir og systkini.



Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

Magnús Helgi Ólafsson

rafvirki, Stífluseli 1, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju hinn 7. júní kl. 15.00. F.h. aðstandenda,

Guðbjörg Rósants Stefánsdóttir
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Ólafur Stefán Magnússon
Helgi Magnússon
Skúli Magnússon og barnabörn.

Aðalheiður Dóra Magnúsdóttir
Trausti Sigurðsson
Anna Rúnarsdóttir
Geirlaug D. Oddsdóttir



Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfjéði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

Gjafabréf

hjá ferðaskrifstofu eða flugfélagi er tilvalin gjöf fyrir nýstúdentinn. Eftir útskrift vilja margir fara út í heim og skoða nýja hluti eða fara í háskólanám í útlöndun. Enn aðrir vilja vinna sem au pair eða fara í sjálfböðastörf erlendis. Ferðaskrifstofan Exit er með spennandi leiðir fyrir ungt fólk á ferðalagi. www.exit.is



Frístundakortinu

hefur verið hleypt af stokkunum. Á næstu misserum mun Reykjavíkurborg auka beinan stuðning við þátttöku barna og unglinga í skipulögðu æskulýðs-, tómstunda-, menningar og íþróttastarfi. Verkefnið er nefnt Frístundakortið. Markmiðið er að öll börn og unglingar í Reykjavík geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Með kortinu má greiða að hluta fyrir íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi á vegum félaga og samtaka sem starfa í Reykjavík og nágrennasveitarfélögunum. Sjá nánar. www.itr.is

Börnin

eru að ljúka skólum víða um land. Þau eru á ferðinni í umferðinni á öllum tímum dagsins, bæði gangandi og á hjóli. Ökumenn eru hvattir til að sýna aðgát þessa dagana. Sérstaklega við leikvelli, skóla og í inni í íbúahverfum.



allt

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimagisting á besta stað í bænum.
Byður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905



Fagmenntaðir kayak kennarar og leiðsögumenn

Stykkishólmur og Reykjavík • S:690 3877



Jónsmessunótt á Fimmvörðuháls

Skráning á skrifstofu Útivistar í síma 562 1000, utivist@utivist.is



Sigurður Elí Bergsteinsson ætlar að verða lögga þegar hann verður stór.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÓRÐUR

Lögga á bíl og mótorhjóli

Sigurður Elí Bergsteinsson er sex ára nemandi í Álftanesskóla.

Sigurður byrjaði í Álftanesskóla síðasta haust og hefur verið að læra ýmislegt í vetur. „Ég læri að lesa og reikna og þrjóna. Það er gaman,“ segir hann. „Mér finnst samt skemmtilegast að perla,“ bætir hann svo við.

Þegar Sigurður er í fríi finnst honum skemmtilegast að vera í tölvunni eða fara í sund. „Ég fer oft í sund með pabba og stundum með mömmu,“ segir hann.

Sigurður á tvo fiska sem heita Viddi og Bósi. „Litli bróðir minn vildi að þeir hétu það. Einu sinni átti ég líka tvær kisur og einn fisk. Kisurnar voru alltaf að ráðast á fiskinn svo við settum hann alltaf upp í skáp,“ segir hann og brosir.

Sigurður var einu sinni að æfa fótbolta og körfubolta og fannst það mjög gaman. „Núna er ég samt bara í frjálsum í skólanum,“ segir hann.

Þegar Sigurður verður stór ætlar hann að verða lögga. „Mér finnst það svolítið flott. Þá ætla ég bæði að vera á bíl og mótorhjóli.“

- eð

Náðu forskoti með okkur í sumar!

“Ég sexfaldaði lestrarhraða minn á 3 vikum! Frábært!”

Guðjón Bergmann, 34 ára rithöfundur, f yrirlesari og jógakennari.

“Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum.”

Jökull Torfason, 15 ára nemi.

“Þetta mun nýtast mér alla ævi.”

Jóhanna Helga, 15 ára grunnskólanemi.

“Snilldarnámskeið..kom skemmtilega á óvart hversu miklum hraða ég náði.”

Guðbjörg Jónsdóttir, 40 ára Framhaldsskólakennari.

“...á eftir að spara mér hellings tíma af námsbókalestri.”

Ragna Björk Ólafsdóttir, 17 ára nemi og golfari.

“Loksins sé ég fram á það að geta klárað lesbækur fyrir próf”

Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

Skráning á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans er hafin á www.h.is og í síma 586-9400

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviabyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.





www.velaborg.is S: 414-8600

DAF LF 220

Nýr bíll árgerð 2006




- Heildarburður 12.000 kg
- Hlassþyngd 6.500 kg
- Lengd á kassa 6.500 mm
- Breidd á kassa 2.450 mm
- Hæð á kassa 2.500 mm
- Vél 220 hp. 6 cyl.
- Sjálfskiptur
- Bakkmyndavél
- Lyfta 2.000 kg, 1.800 mm langt blað
- Rafmagn í rúðum og speglum
- Útvarp/Geislaspilari
- Cruise control

Hringdu í síma 414-8600 og kynntu þér málið strax í dag

Velaborg ehf.

REYKJAVÍK Krókholts 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414-8600 • Fax: 414-8601 • AKUREYRI Njarðarvassí 2 • 603 Akureyri • Sími: 464-8600 • Fax: 464-8601

Þýskar álkerrur

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.



N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

ekill ehf.

Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhólanámskeið. Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda o.fl.

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**

Fjarstýrðir bensínbílar

– stórkostlegt úrval

Verð frá kr. 39.900



www.icehobby.is
sími 461-4848

REYNSLUAKSTUR



Freelander 2 hlaut fimm stjörnur í EuroNCAP og flest stig í sínum flokki.

Fullorðinn Freelander

Freelander hefur hingað til staðið í skugga stóru bræðra sinna; Discovery, Range Rover, Range Rover Sport og Defender. En nú er komið að litla bróður að sýna hvað í honum býr, og það er heilmikið.

Land Rover Freelander II er allt annar bíll en Freelander I. Búið er að endurhanna hann að innan sem utan og það verður að segjast að hann líkist eldri bræðrum sínum meir og meir með hverju árinu sem líður. Línurnar eru orðnar mun beinni og beittari, þó svo hann sé enn mýksti Land Roverinn.

Útlitið er ekki það eina sem Freelander hefur erfð frá bræðrum sínum. Hann hefur fengið aldrifskerfið „All Terrain



Vaðdýpt Freelander er skráð 500 mm en eins og sést þólinn hann töluvert meira dýpi.

Response“ sem gerir hann einkar auðveldan viðureignar við erfiðar aðstæður. Það er í raun ótrúlegt hversu öflugur hann er í torfærnum miðað við stærð. Með hjálp kerfisins er nær hvaða byrjandi sem er fullfær í óbyggðirnar, þó svo reyndari mönnum finnst ef til vill að kerfið sé of frekt í einstaka tilviki.

Það kom ekki að sök í reynsluakstrinum. Þvert á móti verður að teljast líklegt að það hafi bjargað aðeins of ákøfum blaðamanni frá að lenda úti í sjó eða öfugur úti í á.

Freelander er ekki bara torfærutæki. Á malbikinu hefur hann einnig mikið fram að færa.



Vel hefur tekist til með innréttingu Freelander, sérstaklega sóllúgunnar í þakinu. LCD-skjárninn er hins vegar vita gagnslaus og gerir ekkert annað en að hækka verð bílsins.

Loftþúðafjöðrunin gerir hann hæfilega mjúkan og sjálfskiptingin er ein sú besta sem ratað hefur í borgarjeppa.

Freelander er svolítið eins og íslenski hesturinn. Hann er minni en allir hinir en einhvern veginn kemst hann miklu lengra. Hann er mjúkur, traustur og hefur þessa fimmtu gangtegund sem er svo eftirsóknarverð. Þeir sem hafa prófað vita að fátt er meira frelsandi en að hleypa hestinum á stökk á Lóngufjörum á Snæfellsnesi. Það sem kemst því næst er að keyra Freelander í flæðarmálinu.

tryggvi@frettabladid.is

Land Rover Freelancer II

Vél: 2,2 lítra dísil
160 hÖ / 400 Nm
Meðaleyðsla: 7,5 l/100 km
Þyngd: 1.770 kg
Verð: 4.540.000 kr

Plús:
Sjálfskiptingin
Torfæruháefni

Mínus:
Lítið vélaúrval
Gagnslaus LCD skjár

KERRUR

FRÁ AÐEINS 29.990 KR.

ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF KERRUM!

FYRIR:
HEIMILIÐ
FYRIRTÆKIÐ
ÁHUGAMÁLIN







FRÍR FLUTNINGUR TIL REYKJAVÍKUR (EINU SINNI Í VIKU).

DEKKJAHÖLLIN
DEKKJAHÖLLIN IS • EGISSSTABÍR - AKUREYRI

DRAUPNISGÖTU 5, AKUREYRI S. 462 3002
ÞVERKLETTUM 1, EGISSSTÖÐUM S. 471 2002

R8 með dísilvél?

Svo getur farið að Audi R8 verði fánlegur með dísilvél eftir tvö ár.

Audi R8 hefur vakið mikla athygli og víðast hvar fengið fullt hús stiga bílblaðamanna. Nú er uppi orðrómur um að Audi ætli sér að setja dísilvél í bílinn, enda fáir betur hæfir til að setja dísilvél í ofursportbíl en Audi með alla sína LeMans dísil-sigurbíla.

Nýjasta vél Audi, 5,9 lítra V-12 dísilinn, væri tilvalin en að öllum líkindum er hún of stór. Líklegra er að 4,2 lítra V8 TDI-vélin



Audi R8 fær að öllum líkindum 4,2 lítra V8 TDI-vél árið 2009.

verði fyrir valinu og þó svo hún skili töluvert færri hestöflum en bensínvélina er togið rúmlega helmingi meira.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smíðjuvegi 22 (Græn gata) • 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 • www.bfo.is



Þjónusta

Þjónusta

Þjónusta



Tvö hundruð ár eru frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar.

Á slóðum Jónasar

GENGIÐ VERÐUR UM SLÓÐIR JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR Á ÞINGVÖLLUM LAUGARDAGINN 9. JÚNÍ.

Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands efna til Jónasarstefnu dagana 8. og 9. júní. Þar verður Jónasar minnst sem vísindamanns, listamanns, skálds, stjórnálmanns og áhrifavalds en í ár eru tvö hundruð ár frá fæðingu skáldsins.

Hátt í þrjátíu fulltrúar vísinda- fræða- og listasamfélagsins leggja sitt af mörkum, þeirra á meðal fulltrúar erlendra háskóla. Einnig munu ljóð Jónasar hljóma um stofur og salí. Fyrri dagur stefnumótsins fer fram í Aðalbyggingu Háskóla Íslands og stendur dagskráin yfir allan þann dag. Síðari daginn verður haldið á Þingvöllum þar sem gengið verður um slóðir Jónasar. Sigurður G. Tómasson greinir frá náttúru staðarins og Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur veltir upp ýmsum hugleiðingum um bein Jónasar. www.hi.is

Grænfáninn við hún

Langholtsskóli tók við Grænfána Landverndar í byrjun sumars. Fáninn er alþjóðlegt umhverfismerki og er á vegum alþjóðlegu umhverfis-samtakanna Foundation for Environmental Education (FEE).

Grænfánaverkefnið samanstendur af sjö minni verkefnum sem eiga að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnið eru bæði til kennslu í bekk og til að bæta daglegan rekstur skóla.

Markmiðið er að stuðla að ábyrgri afstöðu og innleiða raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skólans. Þegar verkefnið sjó hafa verið unnin fær skólinn Grænfána Landverndar.

„Verkefnið hefur vakið bæði nemendur og starfsfólk skólans til vitundar um umhverfismál. Við höfum meðal annars hætt notkun á einnota umbúðum eins og hægt er. Þar á meðal mjólkurfernum og bjóðum vatni í staðinn,“ segir Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla, sem tók við Grænfánanum í annað sinn nú í byrjun sumars.

Að sögn Hreiðars er merkjanlegur munur á rekstri og kostnaður vegna umbúða, hita og rafmagns hefur dregist saman í kjölfarið.

„Skólinn er með skýra umhverfisstefnu sem við erum mjög stolt af. Börnin taka virkan þátt í verkefninu og fara með sína umhverfiskunnáttu inn á sín heimili,“ segi Hreiðar.

Í dag eru um 15.000 skólar í yfir 30 löndum í Evrópu, S-Ameríku, Afríku og Asíu sem taka þátt í verkefninu. Um 5.000 skólar hafa náð því markmiði að fá Grænfána.

Landvernd er fulltrúi alþjóðlegu samtakanna á Ís-



Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla, tekur við Grænfánanum frá Björgólfi Thorsteinssyni, formanni Landverndar. Hreiðar segir verkefnið einkar ánægjulegt og skili jákvæðum og góðum brag í skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

landi og veitir Grænfánann hér á landi. Landvernd er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að bæta lífsgæði almennings.

Verkefnið var kynnt fyrir grunnskólum landsins 2001 og hafa tólf skólar tekið þátt frá upphafi. Ári síðar voru þrjú fyrstu Grænfánarnir dregnir að hún á Íslandi.

Nú eru alls 88 skólar hérlendis sem taka þátt, þar af 53 grunnskólar, 32 leikskólar, tveir menntaskólar og einn háskóli. Af þeim hafa 36 skólar fengið Grænfánann sem viðurkenningu fyrir að hafa lokið við verkefnið sjó.

Nánari upplýsingar um Grænfánann er að finna á heimasíðu Landverndar, www.landvernd.is

rh@rettabladid.is

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA

Fjarnám allt árið!

Skráning á sumarönn 2007 fer fram
25. maí til 10. júní á slóðinni: www.fa.is/fjarnam



Þrjár annir: Vor – sumar – haust

Áfangarnir eru skv. námsskrá Menntamálaráðuneytisins fyrir framhaldsskóla.



Veggurinn sitt hvoru megin við innganginn var hlaðinn upp og bætt ofan á hina veggina. MYND/SIGRÍÐUR SIGURDARDÓTTIR

Torfhleðsla á Tyrfingsstöðum

Hlaðið var úr grjóti, sniddum, strengjum og klömbruhnausum á fyrsta námskeiði Fornverkaskólans sem er nýlokið í Skagafirði.

„Námskeiðið gekk alveg svakalega vel og var skemmtilegt. Ekki spillti veðrið því allt í einu smellti sumarið sér inn. Það var langþráð líka og þess vegna skipti það máli,“ segir Sigríður Sigurdardóttir, forstöðumaður Byggðasafns Skagfirðinga. Hún er ein þeirra sem stendur að Fornverkaskólanum. „Ég er eins og ormurinn sem undirbýr jarðveginn,“ segir hún glaðlega og lýsir verkefninu nánar.

„Fornverkaskólinn snýst um að nýta sérþekkingu í sambandi við gamalt handverk sem tengist byggingararfi Íslendinga. Kennari á þessu fyrsta námskeiði var Skagfirðingurinn Einar Sigurðsson og hafði hann fjóra nemendur sem fengust við að endurhlaða veggja tveggja króa fjárhúss með garða. Við byrjuðum á að hreinsa út það

sem hafði fallið inn í tóftina sem var þakið og efsti hluti veggjanna. Svo skoðuðum við af nákvæmni hvernig allt hafði verið því mörg smáatriði skipta máli til að árangurinn verði góður. Það verður að gæta þess að réttum handtökum sé beitt og efnið sé eins og það var upprunalega. Byggingar efnið var grjót, klömbruhnaus, snidda og strengur á milli laga til að tengja saman hleðsluhnausana. Þannig verður til binding langsum og þversum.“

Fornverkaskólinn er samstarfsverkefni Hólaskóla, Byggðasafns Skagfirðinga og Framhaldsskóla Norðurlands vestra. Sigríður segir námskeiðið framundan þar sem unnið verði með tré, „Þá verður grindin smíðuð inn í húsið og í haust verður þakið sett á,“ lýsir hún og segir stemningu fyrir þessum fornu handbrögðum. „Vettvangurinn er líka eins og sniðinn fyrir verkefnið. Gamall torfbær með öllu tilheyrandi og heitir Tyrfingsstaðir í þökkabót. Það hljómar auðvitað eins og brandari,“ segir hún hlæjandi. gun@rettabladid.is



Fjöldi nemenda verður útskrifaður frá háskólum landsins á næstu vikum.

Brautskráð úr háskólum landsins

Fjöldi kandidata útskrifast laugardagana 9. og 16. júní.

Tæplega fjörutíu nemendur með BS- og BA-gráður verða útskrifaðir frá Bifröst næstkomandi laugardag en þá verður haldin árleg Háskólahátíð að vori. Fjórir nemendur útskrifast úr meistaranámi, þrettán með diplómapróf í fjármálum og stjórnun og loks um fimmtíu nemendur úr frumgreinadeild. Við athöfnina verður flutt tónlist og verðlaun veitt fyrir góðan námsárangur. Dr. Ágúst Einarsson rektor flytur hátíðaræðu í lok athafnar.

Brautskráning kandidata frá Háskólanum á Akureyri fer fram í Íþróttahöllinni á Akureyri á laugardaginn. Að kvöldi brautskráningardags verður efnt til

endurfunda brautskráðra nemenda og útskriftarveislu í Sjallanum á Akureyri.

Þrjú hundruð og fjörutíu kandidatar verða útskrifaðir frá Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 9. júní. Athöfnin fer fram í Háskólabíói og hefst kl. 13.00.

Háskóli Íslands brautskráir sína nemendur eftir rúma viku, laugardaginn 16. júní. Athöfnin hefst klukkan tvö í Laugardalshöll og hefst með afhendingu prófskrifteina, að því loknu ávarpar rektor kandidata og lýkur athöfninni með söng Háskólakórsins.

Sama dag verða 500 kandidatar brautskráðir frá Kennaraháskóla Íslands. Athöfnin fer einnig fram í Laugardalshöll en hefst klukkan ellefu.

- sgi

Borgarholtsskóli

Innritun nemenda úr grunnskóla á haustönn 2007 stendur yfir og lýkur 11. júní

Í boði eru eftirtaldar námsbrautir:

Bóknám til stúdentsprófs

Félagsfræðibraut
Málbraut
Náttúrufræðibraut

Listnám:

Margmiðlunarhönnun
grafísk áhersla
Margmiðlunarhönnun
fjölmíðlatækni

Iðnnám

Grunndeild bíliðna
Fyrrihlutanám í málmíðnum

Annað starfsnám:

Félagsliðabraut
Verslunarbraut

Almenn námsbraut er einnig í boði fyrir þá nemendur sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir.

Við aðstoðum nemendur og forráðamenn við rafræna innritun vikuna 4.-8. júní kl. 11-16.

Opið hús verður í skólanum 11. júní kl. 11-18 þar sem kynnt er það nám sem er í boði.

Nánari upplýsingar um einstakar námsbrautir eru á heimasíðu.
Borgarholtsskóli, v/Mosaveg, 112 Reykjavík. Sími 535 1700. Bréfasími 535 170.

Sjá nánar á heimasíðu: www.bhs.is



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Nám sem nýtist þér!

Skrifstofubraut I

Er tveggja anna braut þar sem höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.

Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf.

Kennslutími: 8:20 – 12:30/12:55. Kennsla hefst 22. ágúst

Fjarnám - Skrifstofubraut I

Spennandi möguleiki fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins til að stunda fjarnám á skrifstofubraut I – sjá frekari upplýsingar á mk.is

Your Golden Opportunity!!

Office Skills Programme for Foreign Students

www.mk.is

Framhaldsnám – Skrifstofubraut II

Tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi. Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.

Inntökuskilyrði: Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.

Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.

Kennslutími: 8:20 – 12:30/12:55. Kennsla hefst 22. ágúst

Fjarnám - Skrifstofubraut II

Nýr möguleiki fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins til að stunda fjarnám á skrifstofubraut II – sjá frekari upplýsingar á mk.is

Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám

Staðbundið nám og fjarnám

Spennandi námsleið sérstök að vinnutíma fólks í fjármálafyrirtækjum. Áhersla lögð á hagnýtar viðskiptatengdar námsgreinar. Kennsla hefst í byrjun september.

Upplýsingar veitir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000 eða 8244114. Netfang: ik@mk.is



FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA



Innritun fyrir haustönn 2007

Innritun fyrir haustönn 2007 stendur nú yfir. Umsóknarfrestur er til 11. júní. Rafræn innritun fer í gegnum www.menntagatt.is. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is.

Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs:

- félagsfræðibraut,
- málbraut,
- náttúrufræðibraut og
- viðskipta- og hagfræðibraut.

Heilbrigðisskólinn:

- Heilsunuddarabraut,
- hjúkrunar- og móttökuritarabraut,
- brúarnám á hjúkrunar- og
- móttökuritarabraut
- lyfjatæknaþraut
- læknaritarabraut

- sjúkraliðabraut og tanntæknabraut.
- viðbótarnám til stúdentsprófs

Almenn námsbraut.

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans, www.fa.is. Þar er einnig kynning á skólafarfinu, myndir úr félagslífi o.fl.

Skólinn býður upp á fjarnám allt árið. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Skólameistari

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Hvað er að fréttastofa?

Við tæklum sportið...

www.visir.is **visir**

OPIÐ HÚS Í DAG kl. 17:30 – 18:00

RE/MAX Bæir

Fýlshólar 8 - 109 Reykjavík

Fallegt hús á sérlega skemmtilegum stað. Innst í botnlanga með eitt besta útsýni sem fæst í borginni. Efri hæð telur stofu með arni og útgengi í sólríkan garð, sérhannað eldhús, borðstofu, herbergi, þvottahús og wc. Fallegt stafaparket og flísar eru á gólfum. Á neðri hæð eru fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, annað er innaf hjónaherbergi og geymsla. Innangengt er í stóran bílskúr og auk hans er bílskýli. Garðurinn er sérhannaður með tilliti til umhverfis. Þetta er sannkölluð sveit í borg!

Ágústa Friðfinnsdóttir lögilltur fasteignasali

Kristín Gunnarsdóttir sölufulltrúi Gsm 848 8718

Benedikt Sverrisson sölufulltrúi Gsm 861 2743

NESEIGNIR Sími 535 0200 www.neseignir.is

FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

SOGAVEGUR 148 -108 Reykjavík

OPIÐ HÚS Í DAG frá kl. 17-19

Nýstandsett 6 herb efri sérhæð 134,3 fm. Forstofa, tvö svefnherbergi. Hol, björt borðstofa og stofa. Eldhús m/ fallegum nýjum innréttingum. Baðherbergi, háaloft ca 60 fm ekki inn í fmr. Þvottahús í sameign. Stór bílskúr.

Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali

Vilt þú vinna með þeim bestu?

RE/MAX BORG

Tryggvagata 11 • 101 Reykjavík

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur Gigtarfélagsins

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður í kvöld kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Ragnar Gunnar Þórhallsson kynna niðurstöður nefndar Forsætisráðuneytisins um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar sem nú eru mjög í umræðu. Ragnar Gunnar var fulltrúi Öryrkjabandalagsins í nefndinni. Allir velkomnir.

Gigtarfélag Íslands

Reykjavíkurborg Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tilögur að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

Hlíðarendi, Vatnsmýri

Samkvæmt fyrirleggjandi deiliskipulagstillögu er óskað eftir að byggingarmagn á svæðinu sé aukið all nokkuð frá fyrri tillögum. Aukning íbúðarhúsnæðis á svæðinu kallar á breytingu aðalskipulaginu. Gert er ráð fyrir að mögulegt verði að byggja um 300 íbúðir á svæðinu í stað 170 íbúða áður. Allar íbúðirnar verða sem fyrr í fjölbýlishúsum. Endurskoðuð tillaga felur einnig í sér að íbúðarhúsnæði er ekki lengur staðsett næst Hlíðarfæti, heldur innar á svæðinu sem skapar betri hljóðvist í væntanlegri íbúðarbyggð. Gerð er tillaga að eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, sem nær til 5. myndar í Greinargerð I: **Fjöldi íbúða á þéttingarreit nr. 10a Vatnsmýri-Hlíðarendi er aukinn úr 170 íbúðum í 300 íbúðir.**

Spöngin við Fróðengi

Gerð er tillaga að eftirfarandi breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur. Miðsvæði í austurhluta Spangarinnar stækkar til suðurs að Borgarvegi, inná svæði sem áður var opið svæði til sérstakra nota. Mörk íbúðarsvæðis, við Fróðengi og Gullengi, og stofnanasvæðis Borgarholtsskóla, breytast til samræmis við raunveruleg lóðamörk í dag. Tengistígur á mörkum íbúðarsvæðisins og stofnanasvæðisins færast til suðurs að lóðamörkunum, til samræmis við raunverulega legu stígsins í dag. Nýr þéttingarreit er skilgreindur í austurhluta Spangarinnar, þar sem gert er ráð fyrir allt að 150 nýjum íbúðum fyrir eldri borgara.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 6. júní 2007 til og með 18. júlí 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skiptyggj.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 18. júlí 2007.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Peir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillögurnar.

Reykjavík, 6. júní 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNSENDIR 411 3090

Til leigu í Ármúla

Glæsilegt nýuppgerið atvinnuhúsnæði á frábærum stað í Ármúla. Heildarstærð rýmis er 149 m² og skiptist í opinn sal á tveimur þöllum, kaffistofu með innréttingu + salerni, allt innréttað afar smekklega. Vöruhúð er úr kaffistofu, nýjir kastarar eru í loftum sem og nýtt steinteppi á gólfum. Hentugt fyrir verslunarrekstur, þjónustu eða t.d. teiknistofu eða listafólk. Nánari upplýsingar gefur Reynir í síma 821-4645.

ÞINGHOLT

Skipholt 15, 105 Reykjavík
Sími 590 9500
www.thingholt.is
Traust fasteignasala í 30 ár

Til sölu eða leigu atvinnuhúsnæði við Smiðjuveg í Kópavogi

Tilboð óskast í hluta húsnæðis við Smiðjuveg 2 sem er 3.090 m² og skiptist í 4 fastanúmer, 1.766,3m² verslunar- og lagerrými, 680,5 m² vörugæmslu, 428 m² skrifstofur og 215,2 m² íbúð. Þetta húsnæði er afar vel staðsett og hentar vel undir verslunarstarfsemi.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Þingholts í síma 590 9500

Þórarinn Kópsson lögg. fast.sali kopsson@thingholt.is
Kjartan Kópsson sölufulltrúi kok@thingholt.is
Ingvi Rúnar sölufulltrúi ingvi@thingholt.is
Þórarinn Egill sölufulltrúi toti@thingholt.is

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

AFMÆLI



Bubbi Morthens
tónlistarmaður
er 51 ára.



Ingibjörg J. Rafnar
lögfræðingur
er 57 ára.



Brynja Valdís Gísladóttir
leikona er 34 ára.



Jakob Falur Garðarsson
framkvæmdastjóri
er 41 ára.

Brekkan dæmir stóðhesta

Opin sýning stóðhesta með frjálsu formi verður helsta nýjung á Fjórðungsmóti hestamanna á Austurlandi, sem haldið verður 28. júní til 1. júlí næstkomandi. Allir stóðhestar, bæði sýndir og ósýndir, alls staðar að af landinu, mega taka þátt. Áhorfendur í brekkunni velja síðan besta/vinsælasta stóðhestinn eftir klappmæli eða í GSM-kosningu.

Hver keppandi fær 3-5 mínútur inni á vellinum, einn í einu, og má sýna hestinn algjörlega eftir eigin höfði. Þeir fimm hestar sem fá mesta klappið eftir hverja einstaklingssýningu koma svo inn á völlinn aftur og leika listir sínar. Verðlaunaðir



verða þrjú framúrskarandi stóðhestar: Besti tóltarinn, mesti vekringurinn, og síðan besti/vinsælasti stóðhesturinn.

„Ég á von á því að þetta verði mjög skemmtileg og spennandi keppni. Þetta er nýtt form, mjög frjálst og dómarnir verða alveg örugglega með á nótunum, ef ég þekki brekkudómara rétt,“ segir Jens Einarsson, framkvæmdastjóri mótsins.

Skráning á mótið er hafin og finna má allar nánari upplýsingar á: www.freyfaxi.net/fm07

GÆÐINGUR Stóðhesturinn Taktur frá Tjarnarlandi mun keppa á Fjórðungsmótinu fyrir austan í sumar. Knapi er Viðar Ingólfsson. MVND/JE



Breytt punkta-söfnun

Vildarklúbbur Icelandair undirritaði nýlega samstarfssamning við Points International Ltd. og kynnti um leið breytingar á söfnun og notkun vildarpunkta. Með samningnum opnast möguleikar meðlima í Vildarklúbbi Icelandair til að safna og nota punkta hjá öðrum flugfélögum og fyrirtækjum í gegnum Points.com vefinn.



ÍR-HÚSIÐ Gamla íþróttahús ÍR verður opnað almenningi í Árbæjarsafni á sunnudag.

ÍR-húsið í Árbæjarsafni

Sýning um sögu Íþróttafélags Reykjavíkur verður opnuð í Árbæjarsafni sunnudaginn 10. júní klukkan 14.00.

Íþróttafélagið verður hundrað ára í ár og því við hæfi að opna á ný gamla ÍR-húsið sem stóð á Landakotshæðinni. Húsið var upphaflega byggt árið 1897 sem kirkja kaþólska safnaðarins. Árið 1929 fékk ÍR húsið til afnota og var það í notkun sem íþróttahús fram að aldamótum 2000. Fyrir nokkrum árum var húsið flutt í Árbæjarsafn til varðveislu þar sem það hefur nú verið endurgert og er orðið hið glæsilegasta.



SÁTTIR Magnús Kristinsson, stjórnarformaður Toyota á Íslandi, og Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, takast í hendur eftir undirritun samningsins.

Styrkur til Surtseyjar-rannsóknna

Toyota á Íslandi og Náttúrufræðistofnun Íslands undirrituðu samning á fjörutíu ára afmæli Surtseyjargossins hinn 5. júní. Samningurinn kveður á um að Toyota styrki árlegar vöktunarfærðir Náttúrufræðistofnunar til Surtseyjar næstu þrjú árin.

Sýningin Surtsey – jörð úr ægi stendur nú yfir í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Sýningin rekur myndunar- og þróunarsögu Surtseyjar fram til dagsins í dag og spáir fyrir um framtíð eyjanna og þróun lífríkis hennar næstu 120 árin.

Í tilefni af undirritun samningsins er aðgangur að sýningunni ókeypis til 19. júní í boði Toyota á Íslandi.

Taktu Flugid

EGILSSTAÐIR **★ EYDDU TÍMANUM VEL**

FRÁ **3.990**

... og gyllir fjöllin himinhá og heiðarvötnin blá

Margrétta menningarveisla á Héraði í allt sumar!

- 2. júní
Rokkhátíð unga fólksins í Selskógi
- 14. júní
Frú Norma frumsýnir Nátthrafna á Egilsstöðum
- 23. júní
Skógardagurinn mikli í Hallormsstaðaskógi
- 28. júní
Frú Norma frumsýnir barnaleikritið Bara í Draumi
- 27.-30. júní
Jasshátíð Egilsstaða á Austurlandi
- 17. - 26. ágúst
Ormsteiti, héraðshátíð

Fljótsdalshérað

TÍMINN FLÝCUR → flugfelag.is

Flugfélag Íslands flýgur yfir 40 ferðir í viku til Egilsstaða. Þú nýtur þess að lesa dagblöðin, fá þér kaffi og súkkulaði og áður en þú veist af er lent á Egilsstöðum.

Ferðin tekur enga stund. Taktu flugið.

Pantaðu í síma **570 3030** eða á www.flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

* Flugvallarskattar innifaldir. Eingöngu bókanlegt á netinu. Takmarkaður sætafjöldi.

Lauflétt kaup

Engin útborgun. Lægra verð.*
Aðeins 48 bílar í 3 daga.
Komdu strax.



11.774 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði

Nýttu þér
tilboðin
Tökum notaðan
uppi notaðan

Nissan Almera 1,5 bsk. skrd. 01/2002 ek: 101.000 km.
Verð 670.000 kr. Tilboðsverð 499.000 kr. Engin útborgun.
11.774 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. VR886.

Engin útborgun - afborgun
undir 15.000 kr. á mán.



11.435 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Nissan Micra 1,2 bsk. skrd. 06/2004 ek: 90.000 km.
Verð 870.000 kr. Tilboðsverð 690.000 kr. Engin útborgun.
11.435 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. PH985.

Engin útborgun - afborgun
15.000 - 20.000 kr. á mán.



15.694 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 03/2004 ek: 67.000 km.
Verð 1.290.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
15.694 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OF953.

Engin útborgun - afborgun
20.000 - 25.000 kr. á mán.



21.140 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

MMC Lancer Comfort 1,6 ssk. skrd. 03/2004 ek: 54.000 km.
Verð 1.490.000 kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Engin útborgun.
21.140 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VF636.

Engin útborgun - afborgun
yfir 25.000 kr. á mán.



25.598 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën C5 2,0 ssk. skrd. 05/2005 ek: 30.000 km.
Verð 2.090.000 kr. Tilboðsverð 1.790.000 kr. Engin útborgun.
25.598 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OY671.



12.223 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Ford Focus High S 1,6 bsk. skrd. 12/1999 ek: 159.000 km.
Verð 590.000 kr. Tilboðsverð 399.000 kr. Engin útborgun.
12.223 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. VX223.



17.112 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën Picasso 1,8 bsk. skrd. 12/2003 ek: 60.000 km.
Verð 1.320.000 kr. Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
17.112 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. DT930.



13.749 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Ford Focus High S 1,6 bsk. skrd. 01/2000 ek: 130.000 km.
Verð 690.000 kr. Tilboðsverð 450.000 kr. Engin útborgun.
13.749 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. PN979.



18.524 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Renault Meg. Scenic 1,6 bsk. skrd. 02/2004 ek: 33.000 km.
Verð 1.590.000 kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Engin útborgun.
18.524 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NE393.



21.356 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Fusion Trend 1,6 ssk. skrd. 02/2006 ek: 10.000 km.
Verð 1.640.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun.
21.356 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. VV996.



29.922 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Saab 9-5 2,0 ssk. skrd. 03/2000 ek: 137.000 km.
Verð 1.240.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
29.922 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. MI059.



14.670 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Ford Fiesta Trend 1,4 bsk. skrd. 05/2004 ek: 42.000 km.
Verð 1.070.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
14.670 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. SO181.



18.210 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Hyundai Sonata GLS 2,0 ssk. skrd. 03/2000 ek: 118.000 km.
Verð 750.000 kr. Tilboðsverð 599.000 kr. Engin útborgun.
18.210 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. VF636.



22.757 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Renault Megane 1,6 bsk. skrd. 07/2004 ek: 47.000 km.
Verð 1.590.000 kr. Tilboðsverð 1.390.000 kr. Engin útborgun.
22.757 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. LU315.



38.334 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Hyundai Santa Fe 2,7 ssk. skrd. 09/2005 ek: 22.000 km.
Verð 2.990.000 kr. Tilboðsverð 2.690.000 kr. Engin útborgun.
38.334 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. DB238.

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á



Kl. 10.00

Myndlistarmennirnir Þuríður Sigurðardóttir og Helgi Þorgils Friðjónsson halda sýningar í listamannahúsi Start Art á Laugavegi 12b. Sýningarrýmið er opin virka daga frá 10-17 og á laugardögum milli 13 og 17.

menning

menning@frettabladid.is



Fjaðrafok í firði

Það verður fjaðrafok í Hafnarborg í hádeginu þegar tríóið Sopranos efnir til tónleika. Tríóið skipa Hörn Hrafnadóttir, Margrét Grétarsdóttir og Svana Berglind Karlsdóttir en með þeim leikur Antonía Hevesi á píanó.



SOPRANOS-TRÍÓIÐ Þrjár söngkonur leggja saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þær stóllur í Sopranos eru þekktar fyrir fjaðrir og fima tónstiga og mun ekki standa á hvoru tveggja á tónleikunum. Söngkonurnar munu reita af sér skrautfjaðrinar í bókstaflegum skilningi á léttum og leikandi óperettutónleikum, þar sem gleði, glamúr og gumar verða við völd.

Hver veit nema Antonía skryðist einnig fjöðrum við flygilinn og taktist á flug á einn eða annan hátt. Tónleikarnir eru liður í Björtum dögum og hefjast kl. 12.

Yfirlitssýning í New York á skúlptúrum Richard Serra

Á sunnudag var opnuð yfirlitssýning í MOMA, Museum of Modern Art, í New York á fjörutíu ára ferli bandaríska myndlistarmannsins Richards Serra. Hann er sem kunnugt er höfundur Áfanga, umhverfislistaverks í Viðey sem hann reisti þar sumarið 1991 og er löngum talið meðal hans höfuðverka.

Serra er talinn einn helsti skúlptúristi okkar tíma. Sýningin í MOMA bregður upp mynd af fjörutíu ára ferli hans með 27 verkum sem leggja undir sig tvær hæðir í safninu og Höggmyndagarðinn að auki. Serra er fæddur 1939 í San Francisco og kynntist strax á námsárunum þeim efnum sem hann hefur einkum einbeitt sér að: hann vann við logsuðu rétt eins og Jón Gunnar Árnason. Hann hóf þegar í upphafi



MYNDLIST Richard Serra við opnun á sýningu sinni í MoMa

NORDICPHOTOS/AFP/THOS ROBINSON



MYNDLIST Verkið Intersection II eftir Richard Serra á sýningunni í MoMa.

NORDICPHOTOS/AFP/TIMOTHY A. CLARY

ferilsins tilraunir með efni sem voru flest utan hins hefðbundna efniviðar: gúmmí, neonljós og blý. Í framhaldi af þeim tilraunum tók hann til við að vinna verk í stór opin rými utanhúss og þá í stál. Eru þau verk mörg feikilega stór og er skemmt að minnast uppsetningar á stóru verki hans í Guggenheim-safninu í Bilbao sem leggur undir sig heila hæð í safninu.

Á yfirlitssýningunni í MOMA eru þrjú ný verk gerð fyrir sal safnsins á annarri hæð. Þar er lofthæð mikil, aðgangur greiður og gólf styrkt sérstaklega en verkin þrjú eru um 200 tonn að þyngd. Þau draga fram eitt helsta höfundareinkenni Serra: stærð og mikilleiki verka hans sem eru flest þannig að njótandi gengur með þeim og inn í þau, þar sem snúnar stálplötur vinda sig áfram eftir söllum, hverfast um manninn og smækka hann og stækka í senn.

Serra er því vanastur að hugsa verk sín í rými. Þannig er Áfangar hugsaðir inn í fjalla-

sýn, sund og opin flóann, eyðilega móa og hamraströnd Viðeyjar. Tilvist Áfanga er allt of fáum kunn en verkið er það fyrsta sem reist var í Viðey en sem kunnugt er er Blinduskáli Ólafs Elíassonar einnig þar og brátt mun rísa þar Míningarverk Yoko Ono um John Lennon.

Samfara vinnu sinni við Áfanga 1991 vann Serra röð pappírverka af ýmsum stærðum sem bera íslensk staðarheiti: Hrepphólar, Viðey, Eystriey, Eiðið og Heimaey. Einnig verk sem bera heitið Ísland og Reykjavík. Pappírverkin eru sum býsna stór en hann hefur lagt sig eftir gerð pappírverka í mikilli hæð og breidd. Nýlega var öluverk eftir hann á striga selt í New York fyrir um 12 milljónir. Listasafn Reykjavíkur og Safn eru einu söfnin á Íslandi sem eiga verk eftir Serra.

Yfirlitssýningin í New York verður opin til 10. september.

pbb@frettabladid.is

ÁST í samstarfi við Vesturport

7. júní kl. 20
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasalan flytur, sjá neðst!

Kúlan, Lindargötu 7 kl. 20:00

LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleik-sýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6 örfá sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar!

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFÆGA MENN“

GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS.
Fös 22/6 kl. 20
Lau 23/6 kl. 20
Sun 24/6 kl. 20

DAGUR VONAR

Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inni salinn eftir að sýning er hafin
Síðasta sýning í vor

SÖNGLEIKURINN ÁST

Í samstarfi við Vesturport
Fim 7/6 kl. 20 UPPS.
Lau 9/6 kl. 20
Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

LÍK Í ÓSKILUM

Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR

Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ

Í kvöld kl. 20 UPPS.
Sun 10/6 kl. 20 UPPS.
Þri 12/6 kl. 20 AUKAS.
Mið 13/6 kl. 20 UPPS.
Fim 14/6 kl. 20 UPPS.

Aðeins þessar sýningar
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Fjörlegur og fjölbreyttur júní

Það verður þéttsetið hjá Sinfóníuhljómsveitinni í júní. Um líöna helgi hélt sveitin tvenna fjölskyldutónleika fyrir fullu húsi en hlustendur þar hlýddu á tónlist úr söngleikum Ávaxtakörfunni.

Uppselt er á tónleikana á fimmtudaginn en þá verður flutt stytta tónleikauppfærsla af óperu Bizets, Carmen. Einsöngvarar verða Garðar Thór Cortes, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Auður Gunnarsdóttir og Ólafur Kjartan Sigurðarson. Stjórnandi er Nicolae Moldoveanu en Hljómeyki syngur kórhlutann.

Næstkomandi þriðjudag endurflytur hljómsveitin dagskrána „Manstu gamla daga“ sem sló í gegn á síðasta starfsári. Stöllurnar Eivör Pálsdóttir og Ragnheiður Gröndal flytja margar af þekktustu dægurlagaperlum landsins ásamt hljómsveitinni í útsetningu Hrafnkels Orra Egilssonar. Kynnir er hin ástsæla útvarpskona Ragnheiður Ásta Pétursdóttir.

Hljómsveitin heldur síðan til Færeyja og flytur dagskrána þar 14. og 15. júní á tvennum tónleikum í Norðurlandahúsinu.



DEGURLAGAPERLURNAR Eivör Pálsdóttir og Ragnheiður Gröndal syngja með Sinfóníunni í næstu viku.

Uppselt er á fyrri tónleikana.

Fyrir hina rokkhneigðari má síðan minna á samstarfsverkefni Sinfóníunnar og hljómsveitarinnar Dúndurfréttu sem hefur um árabíl vakið mikla athygli og addáun fyrir vandaðan flutning á helstu perlum roksins. Í lok mánaðarins

munu þær leggja saman og flytja eitt mesta þrekvirk roksögunnar, The Wall, eftir Roger Waters í nýjum útsetningum fyrir sinfóníuhljómsveit eftir Harald Vigni Sveinbjörnsson. Miðasala er hafin og nú þegar er um helmingur miða rokinn út.

- khh

TAKTU FYRSTA
SKREFIÐ

– skráðu þig á www.glitnir.is/marathon





TÓNLISTARHÓPURINN CAMERACTICA
Leikur á Björtum dögum í Hafnarfirði í kvöld.

Stórbrotið kammerverk

Tónlistarhópurinn Cameractica heldur tónleika í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði kl. 10 í kvöld í tilefni af Björtum dögum í bænum. Á tónleikunum verður flutt eitt stórbrotasta kammerverk allra tíma eftir Olivier Messiaen í magnaðri umgjörð fresku Baltasar Samper. Verkið „Kvartett um endalok tímans“ samdi Messiaen árið 1940 þegar hann var fangi Þjóðverja í fangabúðunum í Görlitz.

Verkið var frumflutt í fangabúðunum 15. janúar árið 1941 af tónskáldinu og samföngum hans en þar dvöldust einnig fiðluleikari, klarinettuleikari og sellóleikari auk Messiaens sjálfs sem var orgel- og píanóleikari. Í fangabúðunum þar sem tíminn hætti næstum að vera til orðu andstæðurnar um tímann og eilífðina tónskáldinu hugleiknar.

Tónlistarhópurinn Cameractica hefur starfað frá árinu 1992. Félagar hópsins hafa meðal annars komið víða fram sem einleikarar, leikið í Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennt hljóðfæraleik við tónlistarskólana á höfuðborgarsvæðinu. Cameractica hefur sérstaklega vakið athygli og hlotið lofsamlega dóma fyrir flutning sinn á verkum Mozarts á árlegum kertaljósatónleikum í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og á strengjakvartettum Shostakovitch á tónleikum Kammermúsíklúbsins í Reykjavík.

Flytjendur að þessu sinni eru Örn Magnússon píanóleikari, Ármann Helgason klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari.

Miðar eru seldir við innganginn.

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MÝRAMAÐURINN

7/6 kl. 20 - 8/6 kl. 20 uppselt - 14/6 kl. 20 síðasta sýning.

MR. SKALLAGRÍMSSON

Júní: 9. kl. 15, 9. kl. 20, 15. kl. 18 (ath.br. sýningart.) 20. kl. 20 uppselt, 29. kl. 20, Júlí: 1. kl. 20, 5. kl. 20, 13. kl. 20, 14. kl. 20, Ágúst: 11. kl. 20, 12. kl. 20, 18. kl. 20, 19. kl. 20, 30. kl. 20, 31. kl. 20

SVONA ERU MENN (KK og Einar)

Aukasýning 16. júní kl. 20

Leikhústilboð í mat:

Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600

Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200

Miða- og borðapantanir í síma 437 1600

Nánari upplýsingar www.landnamssetur.is



LANDNÁMSSETUR
ÍSLANDS

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

515 6100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE



Landsbankinn

ICELANDAIR



Í KVÖLD KL. 18:15

SVÍPJÓÐ ÍSLAND

EISTLAND-ENGLAND KL. 20:30

GOTT FOLK MEGAN



SYN

besta sætið



GLITNIR


Markvörður leikstýrir Garðari Cortes

Tvö ný myndbönd með Garðari Thor Cortes munu birtast landsmönnum á allra næstu misserum en upptökur á þeim fóru fram í síðustu viku. Leikstjóri myndbandanna er ungur kvikmyndagerðarmaður, Hannes Þór Halldórsson, sem stendur einnig milli stanganna hjá liði Fram í Landsbankadeildinni.

„Garðar er algjört ljúfmenni og ég er mjög sáttur við okkar samstarf. Hann var líka mjög umburðarlyndur þegar ég þurfti að skreppa á æfingar. Það hefðu kannski ekki margir listamenn af hans kalíberi sætt sig við það,“ segir Hannes, en hann leikstýrir myndböndum við „Nessun dorma“ og „Hunting High and Low“ sem finna má á nýrri plötu íslenska tenórsins. „Filman er í eftirvinnslu í Bretlandi en er væntanleg til landsins. Þá sest ég sveittur við klippiborðið og klára dæmið,“ útskýrir Hannes.

Myndböndin eru ætluð á innlandan og erlendan markað og verða meðal annars spiluð á sjónvarpsstöðum í Bretlandi sem helga sig klassískri tónlist. Þá er ekki loku fyrir það skotið að stóru stöðvarnar ytra, á borð við BBC og ITV, muni sýna myndböndunum áhuga. „Þetta er því vissulega stórt tækifæri fyrir mig,“ segir Hannes.

Engin tenging er á milli myndbandanna tveggja og segja þau í raun mjög ólíka sögu, annars vegar táknrænt ferðalag Garðars til stúlkunnar sem hann er að syngja um í Hunting High and Low og hins vegar söngæfingu



TVÖ ÓLÍK HLUTVERK Hannes situr fyrir framan tölvuna eða fyrir aftan myndavélina á milli þess sem hann ver mark Fram í Landsbankadeildinni af miklum móð.

sem fram fer í kirkju í laginu Nessun dorma, þar sem krakkar koma mikið við sögu. Hugmyndavinnan var í höndum Hannesar, Garðars og umboðsmannsins Einars Bárðarsonar og fóru tökurlag fram víða á landinu, meðal annars á Nesjavöllum, við Gvendarbrunna og Tröllafossa og í Garðakirkju.

Þarf stundum frí á æfingum

Nafn Hannesar er tiltölulega nýtt í bransanum en hann hefur þó unnið mikið með Einari Bárðarsyni á síðustu árum. „Einar gaf mér tækifærið á sínum tíma þegar ég og vinur minn gerðum myndband við lag með Nylon. Eftir það spurðist út að ég gæti gert frí myndbönd fyrir tiltölulega lítinn pening og þá má segja að boltinn hafi byrjað að

rúlla,“ útskýrir Hannes en síðan þá hefur hann gert fleiri myndbönd fyrir Nylon, Skítamóral, Pál Óskar, Í svörtum fötum og fleiri. Þá starfar hann sem leikstjóri hjá Filmus við auglýsingagerð. „Ég var að grúska með myndavélina í menntó og þetta var nokkuð sem ég fann mig í, auk fótboltans,“ segir Hannes, sem spilar sem markvörður hjá nýliðum Fram í Landsbankadeildinni.

„Það gengur vissulega misjafnlega að tvinna þetta saman. Oft getur þetta verið hentugt þar sem ég ræð mínum vinnutíma að miklu leyti sjálfur en síðan koma stundum tarnir á óheppilegum tímum. Það kemur því fyrir að ég þurfi að biðja um frí hjá æfingum, sem er ekkert sérstaklega vinsælt.“

vignir@frettabladid.is



VIÐ TRÖLLAFOSSA Hannes segir Garðari Cortes til verka, ekki ósvipað því þegar hann talar til varnarmannanna sem eru fyrir framan hann í fótballi Fram. Tökurnar stóðu í þrjá daga og þurfti Hannes alltaf að bregða sér frá í tvo tíma um kvöldmatarleytið til að fara á æfingu.



Hugh Grant vill kvænast

Breski leikarinn Hugh Grant vill ólmur finna sér konu og ganga í hjónaband. Grant, sem hætti með Jemimu Khan í febrúar eftir þriggja ára samband, segir: „Stundum hef ég áhyggjur af aldrinum. Hver afmælisdagur er óþægileg áminning. Ég hef alltaf haldið því fram að það sé fint að vera á lausu á fertugsaldri. En nú er ég 46 og farinn að hafa áhyggjur.“ Grant er þó ekki viss um að hjónaband sé rétta leiðin.



„Mig langar að kvænast en ég er samt smeykur því ég sé svo mikið af óhamingjusömu giftu fólki í kringum mig.“

Fæst í Hagkaupum Smáralind og Kringlunni



Clarks
Shoes designed for living

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



BLUR Hljómsveitin Blur ætlar að taka upp nýja plötu í nóvember.

Blur tekur upp plötu

Fjórir upprunalegir meðlimir Blur ætla að hittast í hljóðveri í nóvember til að taka upp nýja plötu. Staðfest hefur verið að gítarleikarinn Graham Coxon, sem yfirgaf sveitina árið 2002, ætli sér að taka þátt í verkefninu.

„Þeir hafa haft mikið að gera, verið með sólóverkefni, í teiknimyndahljómsveitum, stjórnáráttu og bændastörfum. En eftir sumarið hafa þeir allir nægan tíma,“ sagði heimildarmaður.



GONE WITH THE WIND Clark Gable og Vivien Leigh fóru með aðalhlutverkin í Gone with the Wind.

Söngleikur á næsta ári

Söngleikur byggður á kvikmyndinni sígildu Gone with the Wind, eða Á hverfanda hveli, verður frumsýndur í West End í London á næsta ári. Leikstjóri verður Sir Trevor Nunn, sem fór af stað með Cats-söngleikinn eftir Andrew Lloyd Webber árið 1981.

Kvikmyndin Gone with the Wind, með Clark Gable og Vivien Leigh í aðalhlutverkum, kom út árið 1939 og hlaut tíu Óskarsverðlaun. Var hún byggð á samnefndri bók eftir Margaret Mitchell. Fjallar hún um líf Suðurríkjadómunnar Scarlett O'Hara sem umturnast eftir að Bandaríkjaforsetinn Abraham Lincoln bannar þrælahald.



SPIKE LEE Ætlar að gera kvikmynd um eftirköst fellibyljarins Katrínar.

Kvikmynd um Katrínu

Bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Spike Lee ætlar að gera kvikmynd um eftirköst fellibyljarins Katrínar sem reið yfir New Orleans. Hann hefur áður sent frá sér heimildarmynd um lífið eftir fellibylinn en ætlar ekki að láta staðar numið.

„Sagan er ekki búin. Hún er ennþá að þróast og við viljum fylgjast vel með henni,“ sagði Lee.

THE BODY SHOP™

KAUPAUKI, GJÖRIÐ SVO VEL!



Allir sem versla um þessar mundir fyrir samtals 4490 kr. eða meira í verslunum The Body Shop fá í verðlaun þennan skemmtilega kaupauka sem myndin sýnir. Um er að ræða vandaða og snotra tösku, "Body Butter"-húðnæringu (50ml) sem inniheldur rakagefandi olíu pressaða úr greipaldinssteinum, sams konar sturtugel (60ml), næturkrem með aloe vera-geli (15ml) og "glimmer" varagljáa nr. 4 ("Red Gleam", 6ml).

Tilboð þetta gildir meðan birgðir endast.

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ELI ROTH'S
HOSTEL PART II
HEIMSRIMSÝND 8. JÚNÍ
STRANGLEGA BÖNNUÐ

SENDI SMS **JA 2ND**
Á **1900** OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ BIÓMIÐA!
VINNINGAR ERU BIÓMIBAR,
DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR
OG MARGT FLEIRA!



Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

www.SAMbio.is t 575 8900 midi.is

41.000 gestir

sannur sumarsmellur, finasta afþreyingarmynd
trausti & blaðið

PIRATES OF THE CARIBBEAN
AT WORLD'S END

HÖNDUÐENNAÐI BYGGD Á SANGSÖÐLUNDUM ÁTRURDUM.

★ ★ ★ ★ ★
VIV TOPPS IS
★ ★ ★ ★ ★
PANAMA IS
★ ★ ★ ★ ★
HJ MBL

ZODIAC

GOAL II

ÁLFABAKKA

PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 4 - 6 - 8 - 10	10
PIRATES 3 VIP	kl. 6 - 10	
ZODIAC	kl. 6 - 9	16
THE REAPING	kl. 8:10 - 10:10	16
BLADES OF GLORY	kl. 6 - 8 - 10:10	12
ROBINSON FJ... ISL TAL	kl. 4	L
GOAL 2	kl. 3:50 - 6	7

Nánari upplýsingar á www.SAMbio.is

AKUREYRI

PIRATES 3	kl. 8	10
ZODIAC	kl. 8	16

KEFLAVÍK

PIRATES 3	kl. 8	7
THE REAPING	kl. 10	16
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 8	L

KRINGLUNNI

PIRATES 3	kl. 8:15 - 10:30	10	DIGITAL
OCEAN'S 13 Bylgjufors.	kl. 8	7	DIGITAL
ROBINSON F. M- ISL TAL	kl. 6	L	DIGITAL-3D

Nýtt í bíó

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

THE LAST MIMZY

DELTA FARCE

LAUGARASBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE LAST MIMZY	kl. 4, 6 og 8	L
DELTA FARCE	kl. 6, 8 og 10	10
SPIDERMAN 3	kl. 5 og 8	10
SHOOTER	kl. 10	16
ÚTI ER ÆVINTÝRI	kl. 4 -450 kr.-	L

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!

NÝ LEYNDARMÁL - NÝR MÁTTUR - ENGAR REGLUR

MÖGNUM SPENNUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE SIXTH SENSE

THE INVISIBLE

Frábær ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna!

HVERNIG LEYSIRÐU MORDMÁL ÞEGAR ÞU ERT FÖRNARLAMBID?

ÞU KEMST IVERGI UNÐAN

28 WEEKS LATER

Mesta ævintýri fyrr og síðar, byrjar við hjara veraldar!

PIRATES OF THE CARIBBEAN

MISSÍÐ EKKI AF ÞESSU BLÓÐUGA FRAMHALDI AF 28 Days Later. Myndin hefur hljótt frábæra dóma. Robert Carlyle er víðurtyggilega

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE LAST MIMZY	kl. 3 - 6	
PIRATES OF THE CARIBBEAN 3	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10:45	10
PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS	kl. 5 - 9	
FRACTURE	kl. 8 - 10:30	14
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 3:45	
SPIDERMAN 3	kl. 5 - 8 - 10:50	10

REGNBÖGINN Sími 551 9000

28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10	16
UNKNOWN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
THE PAINTED VEIL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 8 - 10:10	
SPIDERMAN 3	kl. 5:20	10

450 kr. í bíó!

HASKOLABÍÓ Sími 530 1919

THE INVISIBLE	kl. 6 - 8 - 10	14
28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10	16
FRACTURE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	14
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	

Álfagöngu Þéttur Sími 462 3500

28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10	16
PATHFINDER	kl. 6 - 8	16
THE HILLS HAVE EYES 2	kl. 10	16

MIDASALA á midi.is BÍÓ.is

Snekkjustemning á Barnum

„Það er kominn tími á að pendúllinn sveiflist í hina áttina,“ segir Björn Þór Björnsson listaháskólans. Bobby Smooth, eins og hann kallar sig, er einn skipuleggjandi Soft Rock kvöldsins sem verður haldið á Barnum í kvöld. „Við erum kominn með leið á töffarskapnum, stælunum og andlitslausri teknótónlistinni sem tröllríður börnunum núna.“

Bobby segir að það sé aftur kominn tími á fagaða tónlist mjúk-rokksins. Dansvæna rólégheitatónlist og dramatískar ballöður. Þeir ætli að spila tón-



DRAMATÍK Tónlist Kate Bush hentar vel til dramatískra tilþrifa á dansgólfinu.

list með Roxy Music, Fleetwood Mac, Kate Bush, Steely Dan og fleirum frá áttunda og níunda áratugnum. Tónlist sem sé bæði hægt að sitja og spjalla við sem og sýna dramatíska tilbúði á dansgólfinu.

Bobby segir að þeir ætli sér að skapa almenna snekkjustemningu á Barnum. Fólk er hvatt til að mæta í hör- og silklæðnaði og láta sem ljúf sjávargola leiki um sig.

Rólégheitin byrja kl. 22 á Barnum, Laugavegi 22, og standa fram eftir kvöldi

Tímaleysi er takmarkið

Franski dúettinn Air heldur tónleika í Laugardalshöll 19. júní. Freyr Bjarnason spjallaði við annan helming sveitarinnar, hinn afslappaða Nicolas Godin.

Air sló í gegn árið 1998 með plötunni Moon Safari þar sem rólegheit popp með ambient-áhrifum var í fyrirrúmi. Lög á borð við Sexy Boy, All I Need og Kelly Watch the Stars hljómuðu iðulega á öldum ljósvakans og gerðu Air að risastóru nafni í tónlistarheiminum.

Nýjasta plata Air, Pocket Symphony, er sú fjórða frá sveitinni ef frá er talin tónlist hennar við kvikmynd Sofíu Coppola, Virgin Suicides, sem kom út við góðar undirtektir árið 2000. Þykir Pocket Symphony að sumu leyti afturhvarf til Moon Safari, enda hefur hún fengið afþragðs viðtökur úti um allan heim.

Uppgötva nýja staði

Air er um þessar mundir í pásu frá tónleikaferð sinni um heiminn en hugsar sér til hreyfings í næstu viku. „Við höfum verið á tónleikaferð síðan í febrúar og það hefur gengið mjög vel,“ segir Nicolas Godin, með afar sterkum frönskum hreim. „Við eigum eftir að spila á mörgum nýjum stöðum eins og í Ístanbúl, Rússlandi og Slóvakíu sem við höfum ekki heimsótt áður. Það er alltaf gaman að uppgötva nýja staði.“

PLÖTUR AIR

- Moon Safari (1998)
- The Virgin Suicides (2000)
- 10.000 Hz Legend (2001)
- Talkie Walkie (2004)
- Pocket Symphony (2007)

Umhverfisvænt ferðalag

Godin segir að nýja platan byggji meira á umhverfisstemningu en sú síðasta. „Það er minna um eiginleg lög á þessari. Hún líkist



AIR Nicolas Godin (til hægri) og Jean-Benoit Dunckel halda tónleika í Laugardalshöll 19. júní.

meira þemaplötu. Talkie Walkie var meira eins og tju lög væru sett saman en þessi líkist meira ferðalagi, með byrjun, miðju og endi. Á Talkie Walkie geturðu aftur á móti hlustað á lögin í hvaða röð sem er.“

Dansar ekki

Godin játar að hann verði fyrir miklum áhrifum af þeirri tónlist sem hann heyrir dagsdaglega. „Þegar ég heyrir lög í útvarpinu langar mig að semja þannig lög en oftast gengur það ekki upp,“ segir hann og hlær. Nefnir hann hiphop, rokk og reggi sem tónlistartegundir sem hann eigi erfitt með að til-einka sér í lagasmíðum sínum. „Ég heyrði lag eftir Mos Def sem heitir Sun, Moon, Stars. Það er svoléiðis tónlist sem ég gæti aldrei gert. Ég hlusta mikið á útvarpið í bílnum mínum en þeir segja aldrei hvað lögin heita. Ég hef heyrt margt flott sem ég hef ekki hugmynd um hverjir sömdu.“

Sjálfur játar hann að vera álíka afslappaður og tónlist Air gefur til kynna. „Ég geng mjög hægt um göturnar og ég dansa aldrei.

Ég fer á barinn en spjalla bara við fólkið.“

Engar málamiðlanir

Aðspurður segir Godin markmið sitt sem tónlistarmann að gera tímalaus tónlist. „Ég vil að við verðum „cult“ band sem gerir engar málamiðlanir, þannig að eftir tuttugu ár myndi fólk ennþá líka við okkur. Ég hræðist að hlusta á eigin tónlist og segja að hún sé gamaldags. Ég vil geta hlustað á upptökur sem við gerðum fyrir tíu árum og að þær hljómi ennþá vel. Tímaleysi, það er takmark mitt.“

Smíða nýtt hljóðver

Godin og félagi hans í Air, Jean-Benoit Dunckel, eru strax farnir að undirbúa næstu plötu sína. Ætla þeir að hefja upptökur næsta vetur eftir að þeir hafa lokið við að smíða sitt eigið hljóðver. Segist Godin ekki hafa hugmynd um hvernig hún eigi eftir að hljóma.

Uppselt er í stúku á tónleika Air í Höllinni en enn eru til miðar í stæði og í palla.

freyr@frettabladid.is

Fín lög og flottur hljómur

B. Sig er listamannsnafn Bjarka Sigurðssonar lagahöfundar, söngvara og gítarleikara. Good Morning Mr. Evening er hans fyrsta plata, en Bjarki hefur fram að þessu verið þekktari sem handbolta-

stjarna heldur en tónlistarmaður. Platan hefur að geyma tólf lög og texta eftir Bjarka. Hann syngur og spilar á gítar og munnhörpu, en að auki spila með honum á plötunni bræðurnir Daði og Börkur Birgissynir á hljómborð og gítar, Ingi Björn Ingason á bassa og Kristinn Snær Agnarsson á trommur. Tónlistin er blúsað rokk. Áferðin á plötunni er frekar hrjúf og hljómurinn er flottur, en Daði sá um upptökustjórn (í samvinnu við Bjarka) og hljóðblandaði.

Helstu kostir Good Morning Mr. Evening eru finar lagasmíðar, ágætur söngur og spilagleðin sem skín í gegn í mörgum þessara laga. Daði og Börkur sem áður voru í Jagúar eru auðvitað báðir frábær-

ir hljóðfærleikarar og þeir láta ljós sitt skína á plötunni henni til framdráttar og okkur til ánægju. Aðrir hljóðfærleikarar skila sínu líka vel. Lögin sem standa upp úr að mínu mati eru I, The Lucky Man, Highway Blues, Ache, It's True og The Kung Fu Kid. Ólík lög, en öll yfir meðallagi. Heildarsvipur plötunnar er góður þó að lögin séu nokkuð fjölbreytt. Tónlistin minnir á eitt og annað; allt frá 70's rokki yfir í Dire Straits og Dylan. Og The Kung Fu Kid minnir mikið á John Lennon.

Galli plötunnar er hins vegar sá að það er ekkert í þessari tónlist sem kemur á óvart. Maður hefur heyrt þetta allt áður og svo eru textarnir líka sumir frekar slappir. Hvorugt kemur þó í veg fyrir að maður geti notið plötunnar.

Á heildina litið er þetta frumraun sem lofar góðu. Kostirnir eru fleiri en gallarnir. Trausti Júlíusson



TÓNLIST

Good Morning Mr. Evening

B.Sig

★★★

Bjarki Sigurðsson stimplar sig inn í íslenskt tónlistarlíf með ágætri plötu sem þrátt fyrir að hafa ekkert nýtt fram að færa er borin uppi af spilagleði, finum lagasmíðum og flottum hljómi.

Cocker segir poppið dautt

Breski popparinn Jarvis Cocker hefur ekki mikið álit á raunveruleikabáttum sem ganga út á að keppa í tónlist og segir hann þætti á borð við Idolið og X-factor vera á góðri leið með að ganga af poppinu dauðu.

„Þessir þættir sanna að viðskiptin í kringum tónlistina eru farin að skipta meira máli en tónlistin sjálf. Það popp sem ég ólst upp við er dautt,“ segir Cocker en fyrrum hljómsveit hans, Pulp, hafði mikil áhrif í Britpop-skeiði sem náði hámarki fyrir rúmum áratug.

„Sjálfur hefði ég dottið strax úr keppni í svona sjónvarpsþætti. Ég er ekki besti söngvari í heimi en ég tel mig hafa nokkuð sérstaka



JARVIS COCKER Saknar popptónlistarinnar sem hann ólst upp við.

rödd. Það sem skilur frábæra rödd frá öðrum er sá persónuleiki sem má greina handan raddarinnar.

Það er enginn persónuleiki í þeim röddum sem heyra má hjá fólki í þessum þáttum,“ segir Cocker.

Unnu plötusamning

„Þetta var mjög gaman. Það var fullt af skemmtilegum böndum þarna og þetta var fyrst og fremst bara mikil skemmtun,“ segir Bragi Eiríkur Jóhannsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Johnny and the Rest. Sveitin vann hæfileikakeppnina Krúnk sem veftimaritið Get Rvk stóð fyrir fyrir skömmu.

Þeir sem lentu í fyrsta sæti í keppninni fengu útgáfusamning hjá útgáfufyrirtækinu Cod Music sem hefur meðal annars tónlistarkonuna Lay Low á sínum snærum.

„Það var mjög gaman að vinna þessa keppni. Okkur líst mjög vel á þetta og teljum að þetta geti fleytt okkur vel áfram. Við erum í samningaviðræðum við Cod núna og reiknum svona frekar með að það komi eitthvað gott út úr því.“



UNNU PLÖTUSAMNING Hljómsveitin Johnny and the Rest vann samning við Cod Music í hæfileikakeppninni Krúnk.

Tónlistin sem Johnny and the Rest spilar er blússkotið rokk með ofurlitum djassáhrifum.

Hljómsveitin hefur verið starfandi í um tvö ár, þar af eitt ár í núverandi mynd. Hún hefur að sögn spilað mikið síðasta árið, aðallega á pöbbum í útverfum höfuðborgarinnar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

París Hilton hefur lýst því yfir að hún afþakkaði að afplána fangelsisdóm sinn í rólegu öryggisfangelsi.

Ástæða þess er sú að hún vildi sanna að hún væri eins og allt venjulegt fólk. Hilton hóf afplánun sína á sunnudag og segja lögfræðingar hennar að henni líði vel í fangelsinu, miðað við aðstæður.

Rod Stewart gengur í hjónaband með unnustu sinni **Penny Lancaster** 16. júní næstkomandi. Rod missti þetta út úr sér við félagan sinn **Elton John** í kvöldverði um síðustu helgi.

„Brúðkaupið er eftir tvær vikur, farðu að leita að gjöf,“ sagði Rod svo hátt að gestir heyrðu.

Elton John var ekki lengi að svara: „Gráðuga svínið þitt, þess vegna bauðstu mér.“ Hann sagði þetta í

léttum dúr áður en hann steig á svið og tileinkaði brúðhjónunum tilvonandi eitt af lögum sínum. Líklegt er talið að brúðkaup Stewarts verði haldið á ítölsku Rivierunni.

Söngkonan **Amy Winehouse** virðist eiga erfitt með að venjast því að vera orðin gift kona. Ekki er liðinn mánuður frá því hún gekk að eiga **Blake Fielder-Civil** en þó eru breskir fjölmiðlar þegar farnir að greina frá brestum í hjónabandi þeirra.

Winehouse kom fram á MTV-verðlaunahátíð um síðustu helgi og þegar hjónakornin komu upp á hótél eftir þá veislu rifust þau í klukkutíma á gangstéttinni fyrir utan og inni í anddyrinu. „Þau litu út fyrir að vera óhamingjusöm,“ sagði einn sjónarvotta.

Aerosmith-söngvarinn **Steven Tyler** er svo hræddur um að fitna að hann er stöðugt í megrun. Tyler, sem er 59 ára, óttast mjög að hann muni í framtíðinni ekki geta komist í þröngu buxurnar sem hann var í á síðustu tónleikaverðlaunum Aerosmith.

„Ég passa mikið upp á hvað ég borða vegna þess að ég fæ martraðir um að ég muni bæta á mig. Ég borða lítið yfir daginn og geri alltaf 250 magaæfingar áður en ég fer að sofa,“ segir Tyler.



Gott veganesti fyrir lifið



Er barnið þitt með óþol?

Sinlac barnagrautur inniheldur hvorki glúten né mjólkursykur.

Hann er búinn til úr járn- og vítamínþættu mjöli úr fuglabaunaaldini (Jóhannesarbrauði) og hrísmjöli. Sinlac barnagrautur er því frábær fyrir börn sem eru með mjólkur- eða glútenþol.

- Án glútens
- Án kúamjólkurpróteins og laktósa
- Járn- og vítamínþættur

> Guðlaugur á leið til Svíþjóðar

Húsvíski varnarjafninn Guðlaugur Arnarsson mun í næstu viku skrifa undir samning við sænska félagið HK Malmö. Félagið kaupir Guðlaug af Stjörnunni en þar hafði Guðlaugur svo skamma viðveru að félagið hafði ekki einu sinni greint frá því að hann væri genginn í raðir félagsins. Malmö var að koma upp úr B-deildinni og ætla sér stóra hluti. Þjálfari liðsins er gamla hetjan Per Carlén. Guðlaugur mun skrifa undir eins árs samning við félagið með möguleika á framlengingu til eins árs. Hann hyggst fara í mastersnám samhliða handboltaíðkuninni.



sport
sport@frettabladid

BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON MEÐ FYRIRLIÐABANDIÐ: FINNUR EKKI TIL MEIRI PRESSU

Sjálfsstraustið í liðinu gæti verið betra

Brynjarn Björn Gunnarsson hefur tekið við fyrirliðabandiinu í fjarveru Eids Smára Guðjohnsen alveg eins og fyrir tveimur árum þegar íslenska liðið heimsótti Svía síðast. Þetta verður 61. landsleikur Brynjars en aðeins sá þriðji sem hann er fyrirliði. „Ég finn ekki fyrir auknum þrýstingi eða meiri ábyrgð þótt ég sé kominn með fyrirliðabandið. Það er fyrst og fremst heiður fyrir mig að vera orðinn fyrirliði en það breytir engu með minn leik eða með hvaða hugarfari ég fer inn á völinn,“ sagði Brynjarn Björn Gunnarsson á blaðamannafundi í gær. Íslenska liðið hefur aðeins fengið eitt stig út úr síðustu fimm leikjum og Brynjarn getur ekki neitað því að það hefur haft áhrif á hópinn.

„Sjálfsstraustið í liðinu gæti verið betra en þessi leikur á móti Liechtenstein er búinn og við erum byrjaðir að undirbúa okkur fyrir leikinn á morgun [í dag]. Það þýðir lítið úr þessu að hugsa



um leikinn á móti Liechtenstein. Við þurfum bara að gleyma honum og einbeita okkur að næstu leikjum,“ sagði Brynjarn. Hann tók líka undir það á fundinum að gagnrýnin á liðið ætti ekki að einangrast bara við Eyjólf þjálfara. „Eyjólfur undirbýr okkur eins vel og mögulegt er á þessum dögum sem við fáum. Þegar leikurinn hefur verið flautaður á er það undir okkur komið að standa okkur inni á vellinum,“ segir Brynjarn, sem er með það á hreinu hvað þarf að ganga upp í leiknum í dag. „Það sem þarf fyrst og fremst að ganga upp hjá okkur í þessum leik er varnarleikurinn. Við þurfum að verja vel síðasta þriðjung vallarins fyrir framan teiginn. Ef við ætlum að ná góðum úrslitum þurfum við að nota horn og aukaspyrnur vel, sem og þau færi sem við fáum til þess að ná skoti eða fyrirgjöf,“ sagði Brynjarn að lokum.



GUÐJÓN VALUR Markahæstur í íslenska liðinu í gær.

Íslenska handboltalandsliðið: Lagði Tékka

HANDBOLTI Undirbúningur landsliðsins fyrir Serbaleikinn á laugardeg hófst í Tékklandi í gær er heimamenn voru lagðir með einu marki, 28-29.

Birkir Ivar stóð í markinu og varði 16 skot. Markaskorarar: Guðjón Valur Sigurðsson 8, Logi Geirsson 4, Róbert Gunnarsson 4, Ólafur Stefánsson 3, Alexander Petersson 3, Vignir Svavarsson 2, Bjarni Fritzson 2, Sigfús Sigurðsson 1, Snorri Steinn Guðjónsson 1, Markús M. Michaelsson 1. - hbg

Rétt skref í átt að atvinnumennsku

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir því þýska í kvöld. Verkefnið er erfitt að mati þjálfarans, sem vill sjá hvar Ísland stendur gegn þeim bestu. Liðið hefur æft stíft í allt sumar, sem er nýbreytni.

HANDBOLTI Íslenska landsliðið leikur tvo leiki á næstu dögum við Þjóðverja, sem eru meðal allra sterkustu handboltalandsliða heims. „Það er mjög gott fyrir okkur að fá þessa leiki við Þjóðverja til að sjá styrkleikann gegn jafn sterku liði og þær búa yfir. Stelpurnar þurfa að sjá muninn á okkur og þeim bestu og besta leiðin til að gera það er að spila við þær en ekki bara horfa á leiki með þeim,“ sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari.

Júlíus hefur verið með liðið í æfingabúðum frá því að Íslandsmótinu lauk en með því vill hann koma inn ákveðnu atvinnumenskuhugarfari í stelpurnar.

„Það þarf að gera þetta markvisst og vinna eftir ákveðinni stefnu. Það þarf að fórna ýmsu



METNÁÐARFULLUR Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari kvenna, hefur verið með metnáðarfullar æfingabúðir í sumar og ætla sér stóra hluti.

fyrir handboltann, hluta af fjölskyldulífnum, teitum með vinnum, og svo er skilyrði að borða

rétt og sofa nóg. Til að ná árangri þarf meðal annars þetta að vera til staðar.“

Íslenska landsliðið gengur í gegnum ákveðna uppbyggingarstarfsemi sem Júlíus segir vera á réttri leið.

„Það má samt alltaf gera meira. Ég get tekið U20 ára landslið Hollands sem dæmi, leikmenn þess eru allir í akademíuframhaldsskóla þar sem þeir æfa tvisvar á dag með skólanum. Svo koma þeir til félagsliðanna á föstudegi og spila á laugardegi. Þetta verður landslið þeirra á ÓL 2012. Þeir eiga nóg af peningum og eru komnir skrefinu lengra en við,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

Leikurinn í kvöld fer fram í íþróttahúsi Fram og hefst klukkan 20. Síðari leikurinn er á föstudag klukkan 20 í Laugardalshöll.

hjalti@frettabladid.is

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkubliðum
- Leðurstýri og leður á gírhnúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði

Hefur gæðin



Með bilinn handa þér

Bill á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið, stigbretti.

Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.



HYUNDAI

www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



WWW.ICELANDAIR.IS

NÚ RÆÐUR ÚRSLITUM AÐ VIÐ STYÐJUM OKKAR MENN!

Dyggur stuðningur okkar allra við íslenska landsliðið í knattspyrnu, í blíðu og ekki síður í stríðu, getur skipt sköpum um árangur liðsins í leiknum við Svía í kvöld.


Við hvetjum alla til að snúa bökum saman, sýna landsliðsmönnum jákvæðan stuðning og hvetja þá til dáða. Það ætlum við hjá Icelandair að gera.

ÁFRAM ÍSLAND, ALLTAF!

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is





Húsasmiðju- hlaupið endurvakið

Laugardaginn **9. júní**

Keppt verður í bæði 3 km og 10 km hlaupi sem hefjast við Húsasmiðjuna Skútuvogi kl. 11.

Fjölskyldur eru hvattar til að mæta með börnin sín. Grillaðar pylsur verða í boði eftir hlaupið ásamt hoppukastala og fleiru skemmtilegu.



Að hlaupi loknu verða meðal annars dregnar út 2 borgarferðir frá Iceland Express, innifalið er flug báðar leiðir og skattar.

Aldursflokkar

10 km

- 18 ára og yngri
- 19-39 ára
- 40-49 ára
- 50 ára og eldri

3 km

- 12 ára og yngri
- 13-15 ára
- 16-39 ára
- 40 ára og eldri

Pátttökugjald og skráning

- Fullorðnir (15 ára og eldri): 1.000 kr
- Börn (14 ára og yngri): 500 kr

Hægt er að forskrá sig og ganga frá greiðslu á hlaup.is til kl. 22:00 föstudaginn 8. júní (daginn fyrir hlaup) eða á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is. Á hlaupadag er skráning milli kl. 9:00 og 10:50 í ver slun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi.

Hlauparar eru hvattir til að forskrá sig til að forðast raðir og bið á hlaupadag.

Leiðalýsing

- Í 3 km hlaupinu er farinn hringur frá Húsasmiðjunni og niður Súðarvoginn og Naustavoginn og sömu leið til baka.
- Í 10 km hlaupinu er farið niður Súðarvoginn og inn í Elliðaárdalinn upp að brúnni rétt fyrir neðan sundlauginu, farið yfir brúna og niður dalinn hinu megin og til baka að ver slun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi.



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Eyjólfur í feluleik í Svíþjóð

Landsliðið æfði fyrir luktum dyrum í Svíþjóð í gær og Eyjólfur Sverrisson gefur ekkert uppi um hvernig hann ætli að stilla liðinu upp gegn Svíum í kvöld.

FÓTBOLT Íslenska karlalandsliðið fær tækifæri í kvöld til þess að bæta fyrir slaka frammistöðu gegn Liechtenstein á laugardaginn en verkefnið getur varla verið erfiðara, útileikur gegn Svíum sem eru í efsta sæti riðilsins.

Landsliðsþjálfarin, Eyjólfur Sverrisson, hefur legið undir mikilli gagnrýni síðustu daga og það er algjör krafa um það að liðið spili miklu betur í leiknum í kvöld. Það búast allir við því að Eyjólfur færi einn sóknarmann niður á miðjuna og spili leikkerfið 4-5-1 í þessum leik.

Sænsku blöðin eru með það á hreinu, íslensku fjölmiðlamennir sjá ekkert annað í stöðunni en Eyjólfur sjálfur vill hins vegar ekkert gefa upp og var ekki einu sinni búinn að velja 18 manna hóp.

„Það er möguleiki á að við spilum 4-4-2 áfram eða förum í 4-5-1 eða 4-3-3. Við erum að skoða þetta og ég vil ekki alveg gefa það upp á þessari stundu,“ sagði Eyjólfur Sverrisson á blaðamannafundi í gær. „Ég er ekki alveg búinn að ákveða byrjunarliðið, er með það í kollinum en er ekki alveg búinn að fínpússa það. Ég reikna með að breyta leikaðferðinni frá því í leiknum á móti Liechtenstein því við þurfum að verjast meira í þessum leik. Það er meginmarkmiðið hjá okkur að verjast vel og beita skyndisóknum,“ sagði Eyjólfur sem sagði það enn vera opið hvort hann væri með einn framherja eða jafnvel þrjá.

Síðasta æfing liðsins fyrir leikinn var fyrir luktum dyrum á Rasunda í gær og samkvæmt feluleik Eyjólfur má kannski búast við einhverju óvæntu útspli landsliðsþjálfarans á Rasunda í kvöld.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að við byrjum vel og förum af mikilli ákefð inn í þennan leik sem vantaði í síðasta leik hjá okkur. Við þurfum að vera miklu ákveðnari og þéttari. Það þurfa allir í liðinu að vera vakandi og hjálpast að við að loka svæðunum vel,“ sagði Eyjólfur og bætir við „Við leggjum leikinn upp á svipaðan hátt og á móti Spáni en við viljum samt



ÞÓGULL SEM GRÖFIN Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari vildi ekkert gefa upp um áætlanir sínar gegn Svíum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sem áður sækja mun meira en við gerðum í Spánarleiknum,“ segir Eyjólfur sem segir leikinn í kvöld vera nýtt tækifæri fyrir liðið til að bæta fyrir leikinn á móti

„Við erum búnir að ræða leikinn á móti Liechtenstein, við ætlum að læra af honum en hann er búinn og það er komið upp annað tækifæri til að gera betur,“ sagði Eyjólfur sem segist alltaf stefna á sigur.

„Við vorum svekktir að fá ekki stíg á móti Svíumum heima. Við byrjum með stigið en það væri líka frábært að ná þremur stigum.

Við vitum að við eigum eftir að fá einhver færi og við ætlum að nýta þau og að halda hreinu. Þetta verður gríðarlega erfiðt og við verðum að sjá hvernig leikurinn þróast,“ sagði Eyjólfur en leikurinn hefst klukkan 18.15 að íslenskum tíma og verður í beinni útsendingu á Sýn.



SVÍÞJÓÐ-ÍSLAND
ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON
Skrifur frá Stokkhólmi. ooj@frettabladid.is

Gengur vel hjá Íslandi að skora gegn Svíum:

Mark í síðustu fimm leikjum

FÓTBOLT Íslenska karlalandsliðið hefur skorað í síðustu fimm landsleikjum sínum á móti Svíum en þjóðirnar mætast í þrettánda sinn í kvöld. Svíar hafa ekki haldið hreinu gegn íslenska landsliðinu síðan á Laugardalsvelli 7. september 1994 þegar þeir sóttu 1-0 sigur til Íslands. Síðan þá hefur íslenska liðið

skorað 6 mörk gegn ellefu í fimm leikjum. Ísland hefur aftur á móti aðeins unnið tvo af þessum tólf leikjum, 4-3 á Melavellinum 29. júní 1951 og svo 2-1 á Laugardalsvelli rúnum 49 árum síðar eða 16. ágúst 2000. Svíar hafa unnið alla átta leiki gegn Íslandi þar af þrjá þá síðustu með markatölunni 9-3. - 66j



BULLUR BREYTA BOLTANUM Danska fótboltabullan gerði það að verkum að öryggisgæsla hefur verið hert í leik kvöldisins. NORDIC PHOTOS/APP

Leikur Dana og Svía hefur áhrif á leik kvöldsins:

250 öryggisverðir verða allt í kringum völlinn

FÓTBOLT Svíar ætla ekki að taka neina áhættu í kringum leik Svíþjóðar og Íslands í undankeppni EM 2008 á miðvikudaginn í kjölfar þess sem gerðist á Parken um helgina.

Öryggisgæsla á leiknum hefur verið hert til mikilla muna og alls munu 250 manns vera á vaktinni

í kringum leikvöllinn á meðan á leiknum stendur.

Af þessum 250 vaktmönnum verða 50 lögregluþjónar en það er ljóst á þessu að alvarleiki atviksins í lok leiks Dana á Svía á laugardaginn hefur kallað á markvissar aðgerðir heimamanna.

- 66j



FREDDIE LJUNGBERG Verður í eldlinunni með Svíum í kvöld.

Aftonbladet í Svíþjóð:

Spáir Svíum 4-0 sigri á morgun

FÓTBOLT Sænska blaðið Aftonbladet birti í gær spá sína um hvernig leikir íslenska riðilsins færu á miðvikudaginn. Þeir spá Svíum 4-0 sigri á móti Íslandi en talað er um slæmt gengi íslenska liðsins í undanriðlinum og að liðið verði án stórstjörunnar Eids Smára Guðjohnsen. Blaðið spáir einnig Spánverjum 0-1 útsigri á Liechtenstein og að Danir vinni 2-0 í Lettlandi. - 66j

Þjóðhátíðardagur Svía í dag:

Flugeldasýning gegn Íslandi?

FÓTBOLT Svíar halda upp á þjóðhátíðardag sinn í dag, 6. júní og það verður mikið um dýrðir um allan Stokkhólm.

Svíar vonast eftir sömu úrslitum og þegar þeir spiluðu síðast á þessum degi árið 2001. Svíar unnu þá Moldavíu 6-0. Henrik Larsson skoraði fjögur mörk í leiknum.

Þetta var reyndar fyrstu sigur Svía á þessum degi en fyrstu þrjár höfðu tapast með markatölunni 0-4 samanlagt. - 66j



Útsöllumarkaður
1. júní til 10. júní
Skeifunni 17

NEXT

OPIÐ

Mán.-föst: 11:00-19:00

Lau: 11:00 - 18:00

Sun: 13:00 - 17:00

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50
The Riches

Malloy-fjölskyldan heldur áfram að pretta nágrannana í kvöld en fjölskyldan er ekki eins og fólk er flest. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunahópi en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi, taka upp nýtt nafn og gera sitt besta til þess að falla í hópinn. Í þætti kvöldsins á fjölskyldan í erfiðleikum með að borga fyrir þennan nýja lífstíl enda ekki von sliikum lúxus. Á meðan er gamall kunn-

ingi að leita þeirra en ekki eru allir sáttir við að fjölskyldan hafi látið sig hverfa.



► Við mælum með SVÍPJÓÐ-ÍSLAND
Sýn kl. 17.45

Eftir arfaslakan leik gegn Liechtenstein þurfa íslensku landsliðsmennirnir að sýna úr hverju þeir eru virkilega gerðir. Róðurinn verður þó vafalítið frekar þungur enda hirða fáir stig af Svíum á þeirra eigin heimavelli. Ef illa fer er líka nokkuð víst að staða Eyjólfssonar sem landsliðsþjálfari verður erfið enda hefur árangur hans ekki þótt upp á marga fiska. Við vonum hins vegar það besta, áfram Ísland.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn	16.13 Hlaupanótan
07.05 Morgunvaktin	17.03 Viðsjá
09.05 Laufskálinn	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.24 Auglýsingar
10.13 Dragspilið dunar	18.25 Spegillinn
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
12.00 Fréttayfirlit	19.00 Laufskálinn
12.03 Hádegisútvarp	19.40 Sumarsaga barnanna: Litli engillinn sem kom vitanu fyrir ráðamenn
12.20 Hádegisfréttir	20.00 Heima er best
12.45 Veðurfregnir	20.40 Kvöldtónar
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	21.00 Út um græna grundu
13.00 Vitt og breitt	21.55 Orð kvöldsins
14.03 Útvarpsagan: Lífsjátning	22.15 Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
14.30 Miðdegistónar	23.05 Fallegast á fóninn
15.03 Sögur af sjó og landi	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
16.00 Síðdegisfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 15.35 Gillette World Sport 2007
- 16.05 HM 2006 (Svíþjóð - Ísland) Útsending frá leik Svía og Íslendinga í undankeppni HM árið 2006 þar sem Íslendingar þurftu að eiga við þá Henrik Larsson og Zlatan Ibrahimovic.
- 17.45 EM 2008 (Svíþjóð - Ísland) Bein útsending frá leik Svía og Íslendinga í undankeppni EM í knattspyrnu karla. Þjóðirnar mættust í Laugardalnum síðasta haust og þá höfðu Svíarnir betur 2:1 í jöfnum leik. Svíar eru að berjast um að komast í úrslitakeppnina.
- 20.30 EM 2008 Útsending frá leik Eistlands og Englands í undankeppni EM í knattspyrnu. Englendingar þurfa á sigri að halda gegn fyrrum lærisveinum Teits Þórðarsonar.
- 22.10 Arnold Schwarzenegger mótið
- 22.40 EM 2008 (Svíþjóð - Ísland) Útsending frá leiknum sem fór fram fyrr um kvöldið.
- 00.40 EM 2008 (Eistland - England) Útsending frá leiknum sem fór fram fyrr um kvöldið.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

- 7.00 Grøn glæde 7.30 Smagsdommerne 8.10 Sten på sten 8.25 OBS 8.30 Den politiske original 9.00 Den 11. time 9.30 Tæt på Dyrene 10.00 TV Avisen 10.10 Kontant 10.35 Ud i naturen 11.00 Hvad er det værd 11.25 Aftenshowet 11.55 Aftenshowet 12.20 Hokus Krokus 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjertefilmmur 14.30 Pucca 14.35 Hannah Montana 15.00 Verdnernes bog 15.30 Der var engang... 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 Aftenshowet med Vejret 17.30 Dronningens elefanter 18.00 Søren Ryge - den smukkeste have 18.30 Min store drøm 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 Kriminalkommissær Foyle 21.40 Ónsdags Lotto 21.45 OBS 21.50 Den deprimerede reporter

NK1

- 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktnyheter 12.20 Fra Oslo og Akershus 12.40 Fra Østfold 13.00 Siste nytt 13.05 Dinotopia 13.47 Du kan også skru'n som Beckham 14.00 Siste nytt 14.03 Arnigo 14.30 Sjøhyrer 15.00 Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Perspektiv: Kari Skavlan - en glad dekorator 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Nysgjerrige Nils 16.10 I Mummidalen 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerinspektørene 17.55 Walkabout: Irland rundt på 80 kroner 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Vikinglotto 19.45 Lov og orden: New York 20.30 Den globale miljøhistorien 21.00 Kveldsnytt 21.20 Carnivale 22.15 Lege i Bagdad 23.00 Et selvportrett 5.30 Jukeboks: Vitenskap

SVT 1

- 11.05 Ugglor i pásen 11.30 Krigsbarnet lilla Pippi 12.00 Efter Jesper 13.30 Fären står modell 13.35 En laxá utan líke 14.00 Miss Thailand kommer från Finspång 14.30 Agent med rätt att lägga halmtak 14.40 Vägen till marknaden 15.30 Krokodill 16.00 Fifa och blomsterfröna 16.10 Yoko! Jakamoko! Toto! 16.15 En unge till 16.25 Bumsfilibaba igen 16.30 Hjärnkontoret 16.45 Zoé Kézako 17.00 Polleke 17.30 Rapport 18.00 Vädrrets makter 18.30 Mitt i naturen 19.00 Sveriges nationaldag 20.00 Extras 20.30 Begravda hemligheter 22.05 Rapport 22.15 I sinnets våld 23.15 Försvarsadvokaterna 0.00 Sändningar från SVT24

Fjölskyldan saman með börnin í fókus

SÝNUM UMHYGGJU Í VERKI

Foreldrar, verum samtaka!


- Vitum hvar börnin okkar eru og með hverjum
- Virðum útivistartímann
- Kaupum ekki áfengi fyrir yngri en 20 ára
- Setjum tímamörk á tölvunotkun
- Leyfum ekki eftirlitslaus party eða útilegur

SAMAN
www.samanhopurinn.is



Lexus í júní - Harley í júlí

 LEXUS
The pursuit of perfection



67

milljónir í júní!

Lexus GS 300 á 12,6 milljónir og 3 aðalvinningar á 4 milljónir hver á tvöfaldan miða.

LEXUS

+ 6,3 milljónir í skottið á tvöfaldan miða = 12,6 milljónir



50 þúsund vinningar dregnir út á árinu!

Sýndu þinn stuðning við baráttuna fyrir bættum aðbúnaði aldraðra - þörfin er brýn.

Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

Hringdu núna í síma 561 7757 - Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRETTI



-vinningur í hverri viku



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDUR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

Sértæk fræði

Frá því að einu sérfræðingarnir voru latínubyljandi prestar og feitir sýslumenn eru nú bara stöku strá sem ekki flokkast undir sérfræðinga á einhverju sviði.

PVÍ MIÐUR tókst mér aldrei að tileinka mér djúpa þekkingu á bissett en sem kunnugt er verða fáir ríkir sem ekki hafa áhuga á peningum. Sú rýra vitneskja sem ekki skolast jafnóðum burt í stöðugu upplýsingaflóðinu er harla yfirborðsleg en að mestu strandar sjálfstraust mitt á fjármálum og hagfræði á þeim óskiljanlegu orðum sem sérfræðingarnir slá um sig með. Um leið og farið er að tala um verga framleiðslu, áhættustýringu, þáttatekjur og framvirka samninga sofna heilinn þó augun séu opin. Þá sjaldan sem ég hef reynt að skilja hvað um er rætt reynast flest þessara orða montið eitt og alls ekkert merkilegt. Framlegð þýðir til dæmis bara afgangur en það er ekki nógu flókið og hefur þann galla að allir vita hvað afgangur er, líka þeir sem eiga aldrei neinn.

FYRIR NOKKRU var í 60 mínútum sagt frá deilum um hvort ákveðið málverk væri eftir Jackson Pollock eða ekki. Fljótt á litið virtist það býsna trúlegt en sérfræðingar sögðu það af og frá. Greinilega hefði verið reynt að líkja eftir hinni heimsfrægu slettutækni en áferðin væri ekki ekta. Það vantaði dýptina, hlýjuna, þetta næmi sem einkenndi raunverulegar slettur Pollocks. Handbragð meistarans var augljóslega fjarverandi.


HÍÐ hárfina bragðskyn vínfræðinganna vekur mér líka aðdáunarhroll, einkum eftir lestur innblásinna lýsinga af flóknum eiginleikum vínbærjasafa. Fróðleikurinn felst þó yfirleitt í ljóslifandi ímyndun þeirrar upplifunar að sötra ríkulegt leður með keim af jarðvegi og andakt af fjólu. Vín-, list- og fjármálasérfræðingarnir eiga það sameiginlegt með sérfræðingum í lífríki hafsins að eiga lotningu mína óskipta.

PEGAR flest er aðeins orðið á færi sérfræðinga fer að sneiðast um marktæk umfjöllunarefni venjulegrar kvensníftar. Dálitið trix út úr þessu virðingarleysi er að læra fáein áhrifarík hugtök til að nota við ýmis tækifæri, í trausti þess að enginn spyrji hvað maður meinar. Það gefur nefnilega orðræðunni ákveðna vigt að geta sagt rammaáætlun, póstmóðernismi og neind.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.helpl.is

www.toyota.is



ÍSLENSKA SÍLA IS TOY 24089 02/07

Hilux - Enn betri með stærri vél

Nú er ekki hægt að standast það lengur að setjast undir stýri á Hilux Double Cab, fjallkóngi, vinnubjarki og borgarbarni sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann er rýmri, hljóðlátari, rennilegri og getur tekist á við mun kröfuharðari verkefni en áður.

Verð 3.090.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070